

Gegnum holt og hæðir

Íslenskar þjóðsögur og ævintýri

Ítarefni með samnefndri bók

Orðskýringar, verkefni, lausnir



Ritstjórar: Ingólfur Steinsson og Sigríður Wöhler

Myndir: Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir



NÁMSGAGNASTOFNUN

09064

Þjóðsögur

Þjóðsögur eru frásagnir sem hafa lifað í munnmælum manna fram af manni. Það þýðir að ekki er vitað um uppruna þeirra, höfundar eða hver sagði þær fyrstur. Sögurnar eru misgamlar, sumar þeirra hafa varðveist öldum saman. Við vitum að sögurnar eru ekki alltaf byggðar á sönnum eða raunverulegum atburðum. Sumar þjóðsögur eru þó þannig að það mætti hugsa sér að þær væru sannar. Þær segja okkur líka ýmislegt um það hvernig fólk hugsaði fyrr á öldum, hverju það trúði og hvað það aðhafðist. Fáar þjóðir eiga jafnstórt safn af þjóðsögum og Íslendingar.

Um sögurnar

Í þessari bók er að finna fjölbreytt safn af sögum. Hér eru tröllasögur, útilegumannasögur, sögur af álfum og huldufólki, sögur af körlum í koti sínu, kóngum í höllum sínum, karlsonum og prinsessum, helgisögur, galdrasögur, ýkjusögur, sögur af sæbúum og draugasögur. Sumar sögurnar eru heldur óhuggnanlegar og voru kannski notaðar til að hræða eða skelfa börn. Aðrar eru myndar. Margar hafa í sér einhvern boðskap, eitthvað sem við getum lært af.

Með því að lesa þjóðsögur og ævintýri kynnast nemendur bókmenntagrein sem á sér hefð meðal flestra þjóða. Þeir efla orðaforða sinn og málvitund og svo hafa sögurnar auðvitað líka skemmtigildi. Þjóðsögur hafa ákveðin einkenni sem stundum er kallað þjóðsagnastíll. Til dæmis má nefna:

- Sögurnar eru yfirleitt frekar stuttar.
- Sagt er frá í réttri tímaröð.
- Málfar er kjarnmikið.
- Yfirleitt eru persónur í sögunum fáar.
- Margar þjóðsögur innihalda vísur eða stef.
- Draumar koma oft við sögu.
- Andstæður eru áberandi í persónusköpun; ríkur – fátækur, vondur – góður, lítill – stór, vitur – heimskur.
- Endurtekningar eru algengar.
- Þrítala er mikið notuð.
- Tölurnar þrjár, fimm og sjö og margfeldi þeirra eru mjög mikið notaðar.
- Stuðlar koma oft fyrir: Gamall sem á grönnum má sjá, átján barna faðir í álfheimum
- Galdrar, álög

Ævintýri

Ævintýri eru frásagnir sem sagðar eru fólki til skemmtunar. Þau flakka milli landa, taka á sig ýmsar myndir og búninga eftir heimkynnum. Í ævintýrum koma gjarnan fyrir kóngur, drottning, prins, prinsessa, bóndi, bóndakona, bóndasonur og bóndadóttir. Í þeim er oft norn eða galdrakarlar. Þau gerast oft í höll eða kastala, stundum líka á bóndabæ. Ævintýri eru oftast full af furðum, kynjaverum, álögum og töfragripum. Þau fjalla yfirleitt um baráttu góðs og ills og eru full af andstæðum: góður/illur, ríkur/fátækur. Sögurnar enda oftast vel, a.m.k. fyrir aðalpersónurnar sem eru alltaf góðar. Í ævintýrum er gjarnan mikið um endurtekningar og þau hefjast oft á orðunum: Einu sinni var ... og enda á orðunum: Köttur úti í mýri ...

Ævintýri og þjóðsögur eiga margt sameiginlegt og stundum er erfitt að greina á milli. Ævintýri gerast oftast í ímynduðum heimi, eru óbundin stað og tíma, geyma oft galdra eða töfra, langar frásagnir sem ekki er ætlast til að menn trúi. Þjóðsögur á hinn bóginn lýsa oft raunverulegri atburðum á stuttan og einfaldan hátt og hafa varðveist í munnmælum. Íslenskar þjóðsögur fjalla gjarnan um samskipti fólks við tröll og forynjur, útilegumenn, álfa og óblíð náttúruöflin.

Gott fyrir nemandann að hafa í huga við lestur þjóðsagna og ævintýra

1. Lestu vel yfir alla söguna.
2. Skoðu vel útskýringar á feitletruðum orðum.
3. Ef þú skilur ekki öll orðin skaltu leita skýringa, t.d. í orðabókum eða á Netinu.
4. Reyndu að draga saman aðalatriði sögunnar. Um hvað fjallar hún, hvert er aðalefni hennar. Þetta getur þú gert í huganum.
5. Prófaðu að segja einhverjum frá sögunni. Endursegðu hana með þínum eigin orðum. Notaðu *Söguuggann* sem fylgir hverri sögu til að hjálpa þér að muna efni hennar.
6. Skoðu spurningarnar í lok hverrar sögu. **Skráðu svörin í stílabók** og ræddu þau við félag þína.
7. Reyndu að búa til fleiri spurningar úr efni sögunnar.
8. Kynntu þér fleiri þjóðsögur og ævintýri, t.d. í þjóðsagnasöfnum eða á Netinu.

Galdrar



Galdrar eru ekki ofarlega í huga nútímafólks. Enda gerum við okkur flest grein fyrir því að við höfum litla hæfileika til að galdra eitt eða neitt. Einu galdramennirnir sem við hittum eru í skikkju með pípuhatt og skemmta í veislum. Galdratrú er reyndar víða útbreidd enn þá, t.d. í Afríku. Og hér var hún algeng fyrr á öldum. Sérstaklega er 17. öldin þekkt fyrir galdramál. Þá var fólk brennt á báli á Íslandi fyrir að stunda galdur.

Sögurnar hér á eftir segja ekki frá galdrabrennum eða réttarhöldum yfir galdramönnum. Fyrsta sagan fjallar um það hverju trúin fær áorkað, hvernig trúin flytur fjöll. Hún er um bræður sem eiga eldgamalt blað. Þeir trúa að blaðið búi yfir krafti og hjálpi þeim við fiskveiðar. Næsta saga er af Kálfi presti Árnasyni og Sæmundi fróða. Þeir voru báðir sagðir rammgöldróttir og lýsir sagan ýmsum glettum sem fóru milli þeirra. Einnig er lýst samskiptum Kálfs við kölska sem taldi sig eiga rétt á sálu hans eftir dauðann. Þá kemur sagan af Galdra-Lofti, skólapiltinum sem reyndi að ná valdi yfir sjálfum kölska. Sagan um svarta pilsid segir frá undarlegu pilsu sem kemur í veg fyrir barneignir og loks er saga af gandreid kerlingar einnar á nýársnótt. Kerling fær reyndar að gjalda fyrir kuklið en þannig er oft endir galdrasagna. Það fer heldur illa fyrir þeim sem galdurinn stunda.

I. Bræðurnir og blaðið

Söguhluggi

Bóndi nokkur gefur sonum sínum gamalt blað áður en hann deyr. Þeir taka það með sér til fiskjar æ síðan og fiska betur en aðrir þó að þeir skilji ekki hvað stendur á blaðinu. Svo einn góðan veðurdag þýðir presturinn fyrir þá texta blaðsins.

fast undir: skömmu fyrir

miður: verr, minna

mætur (hafa mætur á): dálæti, uppáhald

trauðlega: varla

pulta: hvísla, hvískra

tala nálægt því: tala utan að því, ýja að því

fiskiheill: það að vera fiskinn, vera heppinn, veiða vel

Áð lestri loknum

1. Hvaða áhrif hafði blaðið á veiðar bræðranna?
2. Hvaða orð fór af bræðrunum og fiskigengd þeirra?
3. Þegar þeir komust að því hvað stóð á blaðinu misstu þeir fiskiheillina. Veltið fyrir ykkur ástæðum þess.
4. „Þess vegna voru menn farnir að pulta það að bræður mundu hafa fiskigaldur og fóru að tala nálægt því við þá en bræður – þó þeim fyndist meining manna um þetta vera rétt – þá tóku þeir því samt ekki nærri.“ Endurskrifið þessa málsgrein á nútímamáli.
5. Hvað stóð á blaðinu?

Svör

1. Þeir veiddu alltaf miklu meira þegar þeir höfðu blaðið með í för.
2. Það var mál manna að þeir væru galdramenn og það væri ástæða þess að þeir veiddu svo vel.
3. Það var trúin á galdurinn sem gaf þeim heppnina. Svo þegar dulúðin hvarf þá hvarf trúin og heppnin líka.
4. Þess vegna voru menn farnir að hvísla sín á milli um það að bræðurnir væru göldróttir og gáfu það í skyn við þá. En þó að þeir bræður væru sammála þessu tóku þeir ekkert undir það.
5. Á blaðinu var faðirvorið á latínu.

2. Kálfur prestur

Söguhluggi

Kálfur Árnason og Sæmundur fróði höfðu verið saman við nám í Svartaskóla. Hér er sagt frá heimsókn Kálfs til Sæmundar og glettum milli þeirra. Einnig frá því þegar kölski fór að leita að presti sem ekki var ágjarn til að stunda Kálf í veikindum hans.

á náttarþeli: um nótt

drepur högg á dyr: bankar á dyr

eigi að heldur: ekki heldur

sagði svo síðan: sagði svo frá seinna

þungt haldinn og hætt: mikið veikur og hætt kominn, í hættu

ágjarn: gráðugur í peninga

ágirnd: fégræðgi

áhlaupaverk: fljótunnið (auðvelt) verk

sé af kaupunum: missi af kaupunum, ekkert verður af þeim (kölski átti að fá sál Kálfs fyrir þjónustu við hann)

Að lestri loknum

1. Hvers vegna fór Kálfur að heimsækja Sæmund fróða?
2. Hvor þeirra kunni meira, Sæmundur eða Kálfur?
3. Hvað bað Kálfur kölska að gera fyrir sig þegar hann lá veikur?
4. Hvernig gekk kölska að uppfylla bón Kálfs?

svör

1. Hann ætlaði að vita hvort hann gæti ekki komið honum að óvörum.
2. Kálfur sagði svo síðan að Sæmundur kynni þeim mun meira sem hann hefði numið umfram sig í Svartaskóla.
3. Hann bað kölska að finna fyrir sig prest sem ekki væri ágjarn.
4. Illa, hann fann engan prest sem var laus við ágirnd.

3. Galdra-Loftur

Söguhluggi

Skólapilturinn Loftur leggur stund á galdur. Hann reynir að öðlast kunnáttu sem fær honum vald yfir kölska sjálfum. En það er hægara sagt en gert. Við spyrjum að leikslokum.

kukl: gerningar, galdratilraunir

gandreid: reið á reiðskjóta sem magnaður er með göldrum

gjörningar: galdrar, fjölkynngi

skipast: lagast, breyta hegðun sinni

bekkjast til við: stríða, hrekka

granda: gera skaða, eyðileggja

leysing: vöxur í á vegna hláku

staður hestur: bykkja, þrjóskur, kyrrstæður hestur, óviljugur

ekki létti Loftur fyrir en: hann hætti ekki fyrir

forn í skapi: ekki við allra skap, öðruvísi en aðrir

standa stuggur af: vera hræddur við

taldist undan: færðist undan, vildi ekki

stöpull: turn á (hjá) kirkju

viðlíka: álíka, eins og

að fyrirfarast: glatast

bundu fastmælum: ákváðu, sam-mæltust um

forneskja: forn kunnátta, galdur

duldist með: leyndist með

umhverfðist: reiddist mjög, ærðist, trylltist

hrikti: titraði, hristist

lék á reiðiskjálfi: titraði og skalf

með semingi: hikandi, með tregðu, seinlæti

sortna fyrir augum: verða dimmt fyrir augum, sjá svart

höggdofa: agndofa, undrandi, forviða

stumraði: haltraði, staulaðist

drýgri, drjúgur: sem endist betur, stendur sig betur

frýjunarorð: ögrunarorð

falla í ómegin: líða yfir, missa meðvitund

í miðföstu: sunnudagur í lönguföstu

langafasta: sjö vikna fasta fyrir páska, hefst á öskudegi

varð presti aldrei ugglaut: var aldrei óhræddur

stóð stuggur af: óttaðist, fylltist óhug

kaleikur: bikar notaður við altarisgöngu

patína: diskur undir oblátur (líkami Krists, lífsins brauð)

dagmál: um klukkan níu fyrir hádegi

minntist við hann: kyssti hann

til vers: til sjóróðra, ver: veiðistaður, útgerðarstaður

ekki tjáði að letja: það þýddi ekki að reyna að fá hann ofan af því

að hvolfa upp litlum bát: velta honum við, á réttuna, búa til róðurs

Að lestri loknum

1. Finndu Hóla í Hjaltadal á landakortinu. Kynntu þér sögu staðarins. Skráðu helstu niðurstöður. 30–40 orð.
2. Hvað vildi Loftur láta skólapiltinn gera og hvað átti hann að fá að launum?
3. Hvers vegna vildi Loftur ná bókinni Rauðskinnu?
4. Hvers vegna gat Loftur ekki vakið upp hina seinni biskupa?
5. „Þóttist skólapilturinn vita að þar mundi kominn hinn elsti biskup.“ Hvað hét hann?
6. Hvers vegna hringdi skólapilturinn klukkunni of snemma?
7. Staðastaður er frægur kirkjustaður á Vesturlandi. Finndu hann á landakortinu.

Svör

2. Hann átti að hringja kirkjuklukkunni á réttum tíma og þá mundi Loftur sjá svo um að enginn yrði honum fremri upp frá því.
3. Þeir sem voru búnir að læra galdur eins og Loftur gátu ekki haft hann nema til ills og mundu allir að lokum glatast. En kynni maður nógu mikið þá hafði djöfullinn ekki lengur vald yfir honum heldur yrði hann að þjóna honum án þess að fá nokkuð í staðinn eins og hann þjónaði Sæmundi fróða. Þessi kunnátta til að ná valdi yfir kölska var fólgin í bókinni *Rauðskinnu*.
4. Þeir voru allir grafnir með ritninguna á brjóstinu
5. Ísleifur.
6. Honum sýndist Gottskálf þokast nær Lofti og rétta að honum eitt horn bókarinnar. Þegar Loftur rétti fram höndina hélt hann að hann væri að gefa sér merki og tók í klukkustrenginn.

4. Svarta pilsid

Sögugluggi

Kona nokkur vill ekki giftast af ótta við barneignir. Móðir hennar gefur henni þá pils sem á að koma í veg fyrir slíkt. Síðan giftist konan en bónda hennar langar að eignast börn. Vinur kemur í heimsókn og býðst til að hjálpa.

roskin: komin til ára sinna, farin að eldast

ráðsett: gætin, stillt, hæg

voru ráðsins mjög fýsandi: voru því meðmælt, leist vel á það

jóðsótt: léttasótt, fæðingarhríðir

virtist: geðfelld, fólki líkaði vel við hana

að þægja: gera greiða, gera eitthvað fyrir einhvern

sat fast við sinn keip: varð ekki haggað, skipti ekki um skoðun

Jónsmessa: 24. júní

spurði að börnum prests: spurði eftir börnum hans, hvar þau væru

lagnættið: upp úr miðnætti

álösunaraugu: ásökunaraugu

með herkjum: með erfiðismunum

farg: e-ð þungt, þung byrði

Að lestri loknum

1. Hvers vegna vildi stúlkan ekki giftast?
2. Hver var náttúra svarta pilsins?
3. „Um kann að skipast.“ Hvað þýðir þetta?
4. Hvað þýðir að taka tveim höndum?
5. Hvað þýðir að hníga í ómegin?
6. Er hægt að skýra það sem gerðist við aftansönginn? Er eitthvað sem bendir til þess að vinur prestsins hafi verið göldróttur?

Svör

1. Stúlkan vildi ekki giftast af því að hún var viss um að það væri svo þjáningarfullt að eignast börn.
2. Ef hún klæddist svarta pilsinu átti hún aldrei verða ófrísk. Sú var náttúra pilsins.
3. Um kann að skipast þýðir að þetta kunni að breytast.
4. Að taka einhverjum tveim höndum er að taka honum ákaflega vel, með kostum og kynjum.
5. Að hníga í ómegin er að falla í yfirlið. Það leið yfir konuna.
6. Það er ekki hægt að skýra það sem gerðist öðruvísi en svo að þar hafi galdrar eða eitthvað yfirnáttúrulegt verið á ferð.

5. Gandreið

Sögugluggi

Kerling fer hverja nýársnótt að hitta vinkonu sína. Til ferðarinnar notar hún óvenjulegan reiðskjóta. Henni hefnist að lokum fyrir tiltækið.

gandreiðarbeisli: beisli til galdrareiðar

margkunnugur: göldróttur

kampur: veggurinn við dyrnar

að ríða undan merinni: missa skeifu undan henni

Að lestri loknum

1. Hvaða erindi átti kerling austur á land á nýársnótt?
2. Hvar er Fljótshlíð? Finndu hana á landakortinu.
3. Hvað var gandreið, gandreiðarbeisli? Leitaðu upplýsinga og skráðu helstu niðurstöður.
4. Hvernig járna menn hesta? Kynntu þér það og skráðu lýsingu á því.

Svör

1. Hún fór að hitta vinkonu sína.
3. Í þjóðsögum og ævintýrum er gandreiðarinnar mikið getið, einnig í fornum sögum. Til þess að ríða gandreið þurfa menn að afla sér bæði beislis og buxna. Höfuðleður beislisins skal vera ristið úr hrygglangju af manni, taumarnir úr manngörnum, mál og stangir úr mannabeinum, allt vígt með rammasta galdri. Gandreiðarbuxur eru nábrækur af manni, helst flegnar af honum lifandi. Dugir það hverjum einum ef hann á beislið en betra er þó að eiga buxurnar líka. Getur hver sá er á þessi reiðtöl ríðið hverjum einum dauðum hlut sem vill yfir láð og lög, geti hann einungis lagt á það beislið.

Heimild: <http://sagnagrunnur.raqoon.com/index.php?target=myth&id=4926>

Samkv. orðabók Menningarsjóðs er gandreið, reið á reiðskjóta sem er magnaður göldrum.



Tröll



Í ljósaskiptunum taka íslensku fjöllin á sig ýmsar myndir og þegar dimmir geta þau stundum farið að líkjast risavöxnum tröllum. Á fyrri öldum, þegar menn höfðu lítið ljós annað en dagsbirtu og tungl, fóru oft ýmsar kynjamyndir á kreik í rökkrinu. Trúin á tröll er ævaforð og lýsa sögurnar því hvernig tröllin reyndu að seiða menn til sín eða brugðu sér í mannlíki og réðu sig í vinnu á bæjunum.

Stundum launuðu tröllin fyrir sig þegar þeim var gert gott. Þannig er einmitt fyrsta sagan í tröllaflokknum hér á eftir. Það eru ekki til margar sögur um ófrískar skessur en skessan í sögunni er einmitt þannig á sig komin. Hún binst ævilangri tryggð við skólapilt sem hjálpar henni í veikindum sínum. Sagan um Jón og tröllskessuna fjallar líka um tryggð þótt ólík sé. Skessa tekur ástfóstri við ungling sem gerir börnum hennar gott. Sá vinskapur endist meðan bæði lifa. Sagan um Þorstein tól er reyndar líka um óléttu skessu. Þar segir hins vegar frá því sem getur gerst ef menn hæðast að tröllum. Sagan Gissur á Botnum er svo um mann sem á fótum fjör að launa undan skessu einni sem ætlar að sjóða hann í potti sínum.

6. Átján skólabræður

Sögugluggi

Skólapiltur hjálpar ófrískri skessu á Skeiðarársandi.
Hún launar honum greiðann síðar.

lagsmenn: kunningjar, félagar

nær: þegar

gerfallnir: fallnir úr hor

bárust fyrir: létu fyrir berast, áðu, dvöldu um stundarsakir

stytta: sítt píls sem bundið hefur verið upp og utan um mitti með snæri

beini: gestrisni, veitingar

léttasótt: byrjun fæðingarhríða, jóðsótt

Áð lestri loknum

1. Finndu Skeiðarársand á landakortinu. Skráðu staðsetningu hans.
2. Finndu Skálholt á kortinu. Leitaðu upplýsinga um sögu staðarins og skráðu helstu niðurstöður.
3. Rifjaðu upp gömlu mánaðaheitin. Skráðu þau í réttari röð. Hvaða mánuðir tilheyrðu hverri árstíð? Hvenær hófst þorrinn á vetri?
4. Milli hvaða jökla liggur Kjalvegur?
5. Drenginn þraut að ganga. Hvað merkja þessi orð?
6. Hvernig launaði skessan skólapiltinum hjálpina?
7. Seinna þegar skólapiltur var orðinn prestur launaði hann henni aftur. Hvernig?
8. Gerðu nokkra grein fyrir þeim tíma sem þessi saga gerist á.

Svör

2. Ýmis svör.
3. Þorri hefst á bóndadegi föstudag í 13. viku vetrar á bilinu 19.–26. janúar. Síðan koma góa, einmánuður, harpa, skerpla, sólmánuður, heyannir, tvímánuður, haustmánuður, gormánuður, ýlir, mörsugur. Gormánuður, ýlir, mörsugur, þorri, góa og einmánuður voru vetrarmánuðir. Harpa var fyrsti mánuður sumars og haustmánuður sá síðasti.
4. Kjalvegur liggur milli Hofsjökuls og Langjökuls.
5. Drenginn þraut að ganga merkir að drengurinn komst ekki lengra, kraftana þraut, þrekið bilaði.
6. Skessan launaði piltinum með því að fódra hesta hans um veturinn. Seinna þegar hann var orðinn prestur bjargaði hún honum og unglingspilti úr miklu hríðarveðri á Kjalvegi. Prestur launaði henni aftur með því að gefa henni 20 sauði gamla og átta vetra gamlan uxa.
7. Um haustið lét prestur drenginn reka tuttugu sauði gamla og uxa átta vetra gamlan til skessunnar.
8. Sagan gerist á þeim tíma frá því að skessan er ófrísk og þangað til dóttir hennar er orðin fullorðin, ung stúlka.

7. Jón og tröllskessan

Söguhluggi

Piltur að norðan fer suður til sjós. Á leiðinni kynnist hann skessu og hjálpar börnum hennar. Skessan launar honum ríkulega og verða þau samskipti báðum til góðs.

reiðingur: dýnur eða torfur undir klyfbera á áburðarhesti

á, æja: nema staðar, hvíla hesta

ræður það af: ákveður

drepur, drepa (hér): smyrja

sili: lykkja milli hagldanna á reipi sem bagginn var hengdur á

að fala skiprúm: að sækja um vinnu á bát

alténd: hvað sem öðru líður, að minnsta kosti

vörin: lendingarstaðurinn

harðæti: hörð fæða (harðfiskur, brauðskorpur o.s.frv.)

fullásett: fullráðið, búið að ráða þá menn sem þurfti

sarga: nudda, nöldra

gys: grín

klyfberi: grind úr tré til að hengja bagga á áburðarhest

klakkur: standur á klyfbera sem bagginn var hengdur á

dysja: grafa án viðhafnar, utan garðs; **dys:** gróf hulin grjóthrógu

Að lestri loknum

1. Eyjarnar í sögunni eru Vestmannaeyjar. Finndu þær á kortinu. Finndu líka Landeyjasand.
2. Af hverju ákvað Jón að gista undir hömrnunum sem pabbi hans hafði varað hann við?
3. Hvers vegna var skessan svona góð við Jón?
4. Hvað var sérstakt við önglana sem skessan gaf Jóni?
5. Hvað varð um önglana í lok vertíðarinnar?
6. Hvers vegna urðu vertíðarmenn hræddir við Jón?
7. Hver var síðasta bón skessunnar?
8. Hvernig maður var Jón? Lýstu honum og nefndu dæmi úr sögunni til að styðja mál þitt.
9. Hvað gerist sagan á löngum tíma?
10. Finndu nokkur einkenni þjóðsagna í þessari sögu og gerðu grein fyrir þeim.

Svör

2. Hann ákvað að æja þar vegna þess að veðrið var svo vont.
3. Hann var góður við börnin hennar, gaf þeim að borða, hún vildi launa honum það.
4. Það var alltaf fiskur á þeim þegar rennt var.
5. Skessan losaði þá af færunum og geymdi.
6. Vertíðarmenn héldu að Jón væri göldróttur. Hann skildi hestana eftir á sandinum yfir sumarið og þeir voru spikfeitir og sællegir um haustið.
7. Ef Jón dreymdi skessuna þá átti hann að koma og dysja hana. Það var hennar hinna bón.
8. Jón var efnilegur piltur er sagt. Hann var líka hugrakkur og sjálfstæður sem sýndi sig í því að hann þorði að æja undir hömrnunum og var óhræddur við skessuna. Þá var hann þrjóskur og gaf sig ekki í viðskiptum við karlinn er hann sótti um skipsrúm. Svo var hann tryggur og trúur og stóð við orð sín. Fór suður þegar hann dreymdi skessuna og jarðaði hana. Jón var eins og segir í sögunni: „... hinn mesti lánsmaður og vel metinn af öllum“. Og hafi hann haft einhverja galla þá er þeirra ekki getið í sögunni.
9. Sagan gerist á tæpum tveim árum. Fyrst segir frá því er Jón og faðir hans fóru til róðra að hausti og voru einn vetur. Næsta haust er Jón sendur einn suður, er þar um veturinn, kemur heim um vorið, giftir sig um sumarið, dreymir skessuna er líður á sumar og er kominn aftur heim um sumarlok.
10. Hér er m.a. hægt að nefna: Í sögunni er sagt frá í rétttri tímaröð. Persónur eru fáar. Draumar koma við sögu. Tröllskessan gefur Jóni öngla sem búa yfir galdramætti.

8. Þorsteinn tól

Sögugluggi

Maður gerir grín að veikindum skessu einnar og hefnist grimmilega fyrir.

blóðdrefjar: blóðblettir, blóðslóð

gera narr: gera grín

jóðsjúk: sjúk vegna barnsburðar, með léttasótt

að flimta: grínast, hafa í flimtingum

læt ég um mælt: legg ég á þig

lýti: galli, ljótleiki

kröm: langvinnur, þjakandi sjúkdómur, eymd

Að lestri loknum

1. Finndu Örnefi og Suðursveit á landakortinu.
2. Finndu Jökulsá á Breiðamerkursandi og Jökulsárlón. Hvað er sérstakt við lónið? Hvers vegna ætli það sé einn vinsælasti ferðamannastaður landsins?
3. Lýstu Þorsteini og nefndu dæmi úr sögunni til að styðja mál þitt.
4. Hvers vegna reiddist skessan Þorsteini svo mjög? Endursegðu það sem hún sagði við hann í draumnum.

Svör

2. Lónið er fullt af ísjökum. Ferðamönnum þykir eftirsóknarvert að skoða það, taka myndir og sigla milli jakanna.
3. Sagt er hann hafi verið gáfumaður og skáldmæltur, einnig gleðimaður og frískur vel. Hafði gaman af að bregða á leik en bar kröm sína vel og hraustlega.
4. Skessunni fannst það illa gert að gera grín að sér þar sem hún hafði dregist áfram svona á sig komin. Skessan sagði eitthvað á þessa leið: Illa gjörðir þú Þorsteinn í gær að glenna þig í spor jóðsjúkrar skessu og mikið kapp lagðir þú á að gera sem mest grín að öllu er þér bar fyrir augu ásamt félögum þínum. Ég mun leggja það á þig að áður en næsti dagur er að kvöldi muni önnur eins lýti á þig komin sem á spor mín í gærdeg.

9. Gissur á Botnum

Sögugluggi

Maður nokkur fer á fjöll til veiða og er eltur af tröllkonu sem ætlar að stinga honum í pott sinn. Etingaleikurinn verður langur og strangur fyrir manninn en einnig skessuna.

féll vel á með þeim: fór vel á með þeim, kom vel saman

afréttur (kk.) afrétt (kvk.): sameiginlegt heiðaland til sumarhaga handa búfé

fjör: líf

slær upp á: slær í

auga (á exi): gat fyrir skaftið



Að lestri loknum

1. Finndu Bjólfell og Búrfell á landakortinu. Einnig Þjórsá og Rangá. Leitaðu á Suðurlandi. Finndu líka Landsveit eða Land.
2. Endursegðu með þínum orðum það sem fór á milli skessanna í Búrfelli og Bjólfelli.
3. Hvað varð Gissuri til bjargar?
4. Tröllkonan fannst sprungin. Hvað er átt við?

Svör

2. Ýmis svör.
3. Klofamenn sáu til ferða Gissurar og tröllkonunnar á Merkurheiði og hringdu kirkjuklukkunum. Það varð honum til bjargar.
4. Hún sprakk af mæði eftir öll hlaupin.

Kýmni- og ýkjusögur



Í þessum flokki eru hreinar skemmtisögur. Í þeim er gert botnlaust grín að heimsku manna. Þó má finna nokkurn boðskap í sumum ýkjusögum eins og oft er um þjóðsögur og ævintýri. Reyndar eru Bakkabræður svo heimskir að þeim er varla við bjargandi. Í sögunum af þeim rekur hvert axarskaftið annað og stundum er eins og þeir viti hvorki í þennan heim né annan.

Fyrst er sagan þar sem faðir Bakkabræðra kallar kútinn. Einnig er sagt frá því þegar ókunnugur maður eltir Bakkabræður í tunglsljósi, ekkjan gefur þeim í guðsfriði, þeir fara í viðarmó og loks er sagt frá endalokum Bakkabræðra. Skyldu bátar mínir róa í dag? er saga af fátækum karli sem fer milli landshluta þangað sem enginn þekkir hann. Þar villir hann óvart á sér heimildir, er tekinn fyrir ríkan mann og það hefur óvæntar afleiðingar. Í sögunni Hver rífur svo langan fisk úr roði? má sjá að níska borgar sig ekki alltaf og getur jafnvel verið hættuleg. Þegiðu, hún móðir mín gaf mér hann er fyndin lítil saga af manni sem fer að biðja sér konu og hefur með sér aukabita að narta í. Loks er svo sagan um Gípu sem er hrein ýkjusaga, full af fáránleika og endurtekningum. Hún er sömu ættar og sagan um Fóu feykirófu.

10. Bakkabræður

Sögugluggi

Hér segir af þeim bræðrum Gísla, Eiríki og Helga. Þeir eru í róðri með föður sínum, einnig lenda þeir í vandræðum með mann sem eltir þá á röndum; þá fara þeir að greiða landskuldir og loks í viðarmó. Allar eru sögurnar með miklum ólíkindum.

á legg komnir: komnir af barnsaldri

blöndukútur: kútur undir drykkjarvökva

þingmannaleið: dagleið ferðamanna að gömlu mati, um 37,5 km

fá léðan: fá lánaðan

í viðarmó: að safna viði til kolagerðar

Að lestri loknum

1. Finndu Svarfaðardal á kortinu. Hvaða kaupstaður er þar nærri?
2. Hvaða merkingu hefur máltækið að kalla kútin og hvaðan er það komið?
3. Hvað gerðu þeir bræður til að koma í veg fyrir að Brúnka fyki í storminum?
4. Hver skyldi þessi Kári hafa verið sem reið samhliða merinni?
5. Hvað var að fara í viðarmó? Kynntu þér og skráðu niðurstöður.
6. Hver urðu örlög Bakkabræðra samkvæmt frásögn þessari? Skráðu sérstaklega örlög Gísla og einnig hinna tveggja, Eiríks og Helga.
7. Veldu eina af þeim sögum sem hér hafa verið sagðar og endursegðu með eigin orðum.
8. Skrifðu í skýrslufomi lýsingu á þeim bræðrum, Gísla, Eiríki og Helga.

Svör

1. Dalvík er kaupstaðurinn.
2. Máltækið að kalla kútin er notað um þann sem er að deyja.
3. Þeir báru grjót að merinni svo hún fyki ekki.
4. Kári var skugginn.
5. Í viðarmó söfnuðu menn viði sem síðan var notaður til kolagerðar. Viðarmór er staður þar sem hægt er að rífa hrís til eldiviðar.
6. Eiríkur og Helgi lokuðu sig inni og byrgðu alla glugga af ótta við sólina sem þeir héldu að væri herskip. Gísla settu þeir hinir inn í viðarknippið sem þeir veltu niður brekkuna. Vildu þeir þannig tryggja að hann segði þeim hvert knippið færi en þegar þeir loks fundu það þá vantaði höfuðið á Gísla og var hann því ekki til frásagnar.
7. Ýmis svör.
8. Ýmis svör.

11. Skyldu bátar mínir róa í dag?

Sögugluggi

Fátækur karl fer í ferðalag í annan landshluta. Þar er hann í misskilningi tekinn fyrir stórhöfðingja og biður sér prestsdóttur fyrir konu. Hann fær konuna en heldur verður heimferðin erfið.

argasta: versta, ljótasta

dróg: bykkja, trunta

í rennu: í röð

kolskór: kola, grútar- eða tólgarlampi

Áð lestri loknum

1. Finndu Helgafellssveit á kortinu. Í hvaða landsfjórðungi er hún?
2. Sagt er að Árni hafi verið „allra sveita kvikindi“. Hvað er átt við? Kannastu við þetta orðatiltæki í aðeins annarri mynd?
3. Skrifaðu upp vísuna. Merktu við ljóðstafi og rímorð, einnig innrím.
4. Hvers vegna héldu presturinn og dóttir hans að Árni væri stórhöfðingi?
5. Um sambúð Árna og prestsdóttur er ekki getið. Gerðu stutta grein fyrir hvernig hún kynni að hafa gengið fyrir sig.
6. Í sögunni má finna boðskap. Gerðu grein fyrir honum.

svör

1. Helgafellssveit er á norðanverðu Snæfellsnesi.
2. Vera allra sveita kvikindi: hafa hvergi fasta búsetu. Stundum er talað frekar niðrandi um allra þjóða kvikindi.
3. Árni í Botni allur rotni,
ekki er dyggðin fín;
þjófabæli, það er hans hæli,
þar sem aldrei sólin skín.
Ljóðstafir feitlettraðir, rím skálettrað
4. Þeim þótti Árni tala eins og höfðingi, eins og hann ætti marga báta: Skyldu bátar mínir róa í dag? sagði hann. Þessi setning benti til bátæignar.
5. Prestsdóttirin hefur líklega verið betra vön en því sem Árni gat boðið henni í þessu argasta koti í Helgafellssveit. Ólíklegt að sú sambúð hafi staðið lengi enda byggð á dómadags misskilningi.
6. Boðskapurinn gæti m.a. verið sá að trúá ekki öllu sem sagt er.

12. Hver rífur svo langan fisk úr roði?

Sögugluggi

Karl og kerling eru svo nísk að þau tíma ekki að gefa vinnufólki sínu að borða. Karli dettur í hug ráð til að skammta minna en til stóð. En honum hefnist fyrir tiltækið.

aðsjál: fastheldin á fé

blæddi í augum: þótti sárt, illt

málamatur: morgun- og kvöldverður

vega út: vigta

snarka: rífa í sig, japla á

standa fyrir beina: matbúa, sjá fyrir mat

engar refjar: engin undanbrögð

reginþorskur: mjög stór þorskur

rísa upp við dogg: rísa upp á olnboga

Að lestri loknum

1. Af hverju tók bóndinn upp á því að veга fiskinn út í einu lagi fyrir allt árið?
2. Hvað ætlaði bóndi að græða á því að látast vera dauður?
3. Hvernig fór fyrir bóndanum og hvers vegna?
4. Nefndu fimm lýsingarorð sem lýsa bónda best að þínu mati.
5. Endursegðu þessa sögu með þínum eigin orðum eins ítarlega og þú best getur.

Svör

1. Það gerði hann til þess að losa sig við þá hörmung að þurfa að taka fiskinn til handa fólkinu daglega eða fyrir vikuna.
2. Hann hélt að fólkið mundi gleyma að borða einn dag þegar það frétti að bóndi væri dauður. Það hugðist hann fá upp úr kرافsinu, spara sér eins dags matarskammt.
3. Þegar bóndi reis upp við dogg og sagði hin fleygu orð þá hélt vinnumaður að hann væri afturganga og varð svo hræddur að hann rak bónda í gegn með sjálfskeiðungnum.
4. Nískur, brögðóttur, seinheppinn, óskammfeilinn.
5. Ýmis svör.

13. Þegiðu, hún móðir mín gaf mér hann

Sögugluggi

*Mathákur fer að biðja sér konu en tekur með sér aukabita til að hafa ef á þyrfti að halda.
Þetta veldur misskilningi milli hans og tilvonandi kvonfangs og dregur dilk á eftir sér.*

staðfesta ráð sitt: gifta sig

bera sig að sitja á sér: reyna að halda aftur af sér

í muddum: í laumi, með leynd

útigegningar: að hirða skepnur og fóðra úti að vetrarlagi

að skensa: hæðast að, gera lítið úr

fyrtaf: móðgast, styggjast

huga ekki til ráðahags: láta sér ekki detta hjónaband í hug

Að lestri loknum

1. Hvers vegna lét gamla konan son sinn fá ostinn?
2. Borða við ókomnu hungri. Hvað er átt við?
3. „Hart bítur hann núna, hann hvítur.“ Hvað á stúlkan við?
4. Í hverju var misskilningur mannsins fólginn?
5. Hvað skyldi konan hafa hugsað þegar maðurinn svaraði svo einkennilega?
6. Hvaða skoðun hefur þú á viðbrögðum stúlkunnar? Hver hefðu þér þótt vera eðlileg viðbrögð.
7. Hvernig virðist samband mannsins við móður sína hafa verið? Lýstu því í fáeinum setningum.

Svör

1. Hún lét hann fá ostinn til að hafa upp á að hlaupa ef hann yrði svangur milli mála.
2. Borða til að koma í veg fyrir hungur.
3. Hún á við veðrið. Hart bítur frostið, snjórinn.
4. Maðurinn hélt að hún væri að meina ostinn og það að hann væri að troða í sig í laumi. Hann hafði samviskubít.
7. Hann var greinilega mikill mömmudrengur. Var fulltíða maður en bjó hjá aldraðri mór sinni. Hefur sjálfsagt verið frekar ósjálfstæður og lotið stjórn hennar í einu og öllu.

14. Sagan af Gípu

Sögugluggi

Gípa fer að sækja eld fyrir foreldra sína. En hún er voðalega svöng og étur allt sem að kjafti kemur. Og það fer heldur illa fyrir henni.

strokka: skaka strokk, þannig að smjör myndist úr rjómanum

áfasopi, áfir: lögur sem verður eftir þegar rjómi er strokkaður, var áður nýttur til drykkjar og í mjólkurmat

trippi: ungt hross (einkum á aldrinum 1–3 vetra)

Að lestri loknum

1. Í hvaða erindagjörðum var Gípa á ferð?
2. Hvað gleypiti Gípa margar skepnur og hluti?
3. Hvað varð henni að falli?
4. Skrifðu persónulýsingu á Gípu og reyndu að gera grein fyrir sem flestu því sem einkennir hana sem manneskju.
5. Hvaða einkenni þjóðsagna hefur sagan um Gípu? Skoðuðu það sem sagt er um þjóðsögur fremst í bókinni.

Svör

1. Hún var að sækja eld fyrir foreldra sína. Hún át of mikið og sofnaði. Þá gaf hún höggstað á sér.
2. Hún gleypiti 139 menn og skepnur, broddstaf og einn bát með árum.
3. Ætli við getum ekki sagt að græðgin hafi orði henni að falli.
4. Ýmis svör.
5. Sagan er frekar stutt. Sögð í réttri tímaröð. Kjarnmikið málfar. Fár persónur. Vísur og stef. Andstæður: Vont – gott.



Helgisögur



Helgisögur þjóðsagnanna eru yfirleitt ekkert mjög heilagar. Þær fjalla oft um baráttu góðs og ills og tengjast gjarnan guði, Jesú eða englum en einnig þúkum og illum vættum og er kölski sjaldan langt undan. Kannski tengjast þær oftast kölska og þúkum hans en himnafeðgunum. Sumum þykir skrítið að kalla sögur af kölska helgisögur. Hafa ber í huga að kölski, satan, djöfullinn, freistarinn, Lúsifer eða hvað sem hann er nú kallaður, var einmitt upphaflega engill sjálfur. Hann er nefnilega fallinn engill sem var ýtt út í ystu myrkur.

Hér á eftir fara þrjár helgisögur og kölski er nálægur í tveimur þeirra. Fyrst segir af Kolbeini jökla-skáldi sem kvaðst á við kölska á Þúfubjargi. Gerðist kveðskapur þeirra svo tyrfinn að kölski átti fullt í fangi með að botna fyrriparta Kolbeins. Seint fyllist sálin prestanna er saga af ungum manni sem þiggur hjálp ókunnugs manns við að ná ástum konu einnar. Þegar kemur að skuldadögunum verður ungi maðurinn hræddur og leitar hjálpar prestsins. Loks er sagan um syndapokana. Þar segir kerling ein presti sínum frá því þegar hana dreymdi að hún var komin til himnaríkis og fékk að skoða syndapoka mannanna sem voru mjög misstórir, þar á meðal var syndapoki prestsins.

15. Kolbeinn jöklaskáld

Sögugluggi

Maður nokkur sem Kolbeinn heitir kveðst á við kölska sjálfan og segir sagan frá þeirri glímu.

botna: botna vísu, þ.e. yrkja síðari helming vísunnar

var það skilið undir samningi þessum: það kom fram í samningnum

orðfall: að vera orðlaus, geta ekkert sagt

Áð lestri loknum

1. Kolbeinn og kölski sátu á Þúfubjargi undir Jökli. Hvaða jökull skyldi það vera? Finndu hann á landakortinu.
2. Um hvað snerist veðmálið?
3. Hvað varð til þess að kölski tapaði? Segðu frá í stuttu máli.

Svör

1. Um er að ræða Snæfellsjökul.
2. Var það skilið undir samningi þessum að hvor þeirra sem ekki gæti botnað vísu hins skyldi steypast ofan af bjarginu og vera þaðan í frá á valdi hins.
3. Kölski gat ekki botnað vísu Kolbeins því að hann fann ekkert orð sem rímaði á móti tungl.



16. Seint fyllist sálin prestanna

Sögugluggi

Ungur maður verður ástfanginn af stúlku sem vill ekki þýðast hann. Maður nokkur býðst til að hjálpa honum að ná ástum konunnar en ekki kemur hjálpin ókeypis og maðurinn er ekki allur þar sem hann er séður.

altílegur: alúðlegur, blátt áfram

krossmessa: (á vori) 3. maí; (á hausti) 14. september, hér er átt við haust

biður prest ásjár: biður um hjálp, liðveislu

sál: skinnpoki, skinnbelgur

kaupanautur: sá sem viðskipti eru átt við, viðskiptamaður

meinfangalaus: skaðlaus, meinlaus

verða af kaupinu: samningurinn falli úr gildi

draga (no): fábrotinn búnaður til að draga á hey

eiga gott upp að unna: gott að gjalda

Áð lestri loknum

1. Hvað var það sem komumaður bauðst til að hjálpa unga manninum með?
2. Ungu manninum fór að líða illa er leið á árið. Hvers vegna?
3. Lýstu ráðagerð prestsins í stuttu máli.
4. Hvaða merkingu hefur orðið sál í sögunni?
5. Gerðu grein fyrir persónum í sögunni, bæði aðalpersónu og aukapersónum. Lýstu þeim öllum í stuttu máli.
6. Seint fyllist sálin prestanna. Hver er merking þessa orðatiltækis nú á tímum?

Svör

1. Hann vildi hjálpa honum að ná ástum konunnar.
2. Maðurinn fór að þjást af miklu hugarangri enda áttaði hann sig á alvöru málsins og að fjölkynngi væri með í spilinum og væri hún ekki frá neinu góðu komin.
3. Ráðagerð prestsins gekk út á að láta kölska hella peningum í botnlausan skinnbelg sem ekki væri hægt að fylla. Þannig yrði kölski af kaupunum því hann gæti ekki staðið við skilmálana.
4. Sál þýðir þarna skinnpoki eða belgur.
5. Fjórar persónur eru nefndar til sögunnar: Maðurinn, stúlkan, presturinn og kölski. Nánari lýsing er í höndum nemenda.
6. Þetta er sagt þegar einhver er ágjarn.

17. Syndapokarnir

Sögugluggi

Prestur situr hjá konu nokkurri sem er þungt haldin og dauðvona. Er hún ekki kirkjurækin og hefur prestur oft gagnrýnt hana fyrir það. Kerling segir sig hafa dreymt að hún væri komin til himnaríkis og hafi verið að skoða þar syndapoka manna. Hafði poki prestsins vakið sérstaka athygli hennar.

vandlætingasamur: aðfinnslusamur, umvöndunarsamur

átaldi: setti ofan í við, skammaði

angruð: hrygg

gekk yfir mig: ég varð furðu lostin

fór nú ekki að finnast til: hætti nú að lítast á blikuna

Að lestri loknum

1. Hvað sagði prestur við gömlu konuna í upphafi sögunnar?
2. Hvers vegna lét konan senda eftir prestinum?
3. Endursegðu draum konunnar.
4. Hvers vegna hafði presturinn sig á burt eftir að hafa heyrt drauminn?
5. Hvað merkir að telja um fyrir einhverjum?

Svör

1. Hann sagði að hún mundi naumast fá inngöngu í himnaríki ef hún vanrækti svo mjög kirkjuna.
2. Kerling lét sækja prest vegna þess að hún taldi veikindi sín alvarleg.
3. Hana dreymdi að hún þóttist koma til himnaríkis. Þar barði hún að dyrum því henni var kalt og vildi komast í húsaskjólið. Þar kom maður til dyra með stóra lyklakippu í hendinni. Hann sagðist heita Pétur. Bað hún hann að lofa sér inn. En hann taldi það af og frá. Hún sá að þar var ógnarstór skemma á hlaðinu og bað Pétur að lofa sér þar inn. Það sagði hann hún skyldi fá og lauk nú upp skemmumni. En þegar inn kom sá hún þar stóra hlaða af pokum, stórum og smáum. Þeir voru allir fullir af einhverju og bundið fyrir opin. Þar voru líka sjóvettlingar og þeir voru líka fullir sumir en ekki nema í þumlunum á öðrum. Hún spurði Pétur hvað í þessum pokum væri. Hann sagði það syndir manna. Hún bað um að fá að sjá poka prestsins, hann væri víst ekki stór. Pétur benti henni þá á ógnarlega stóran sekk. Var það langstærsti sekkurinn. Kerling spurði um sinn poka. Hélt að hann væri ekkert smásmíði. Pétur lét það svona vera og benti henni á einn sjóvettlinginn sem ofurlítið var í þumlinum. Þá var kerlingu nóg boðið og fór út. Skellti þá Pétur aftur skemmuhurðinni og hrökk hún upp við það.
4. Prestinum leist ekkert á söguna og það hve syndapoki hans sjálfs var stór.
5. Að reyna að telja honum hughvarf, fá hann til að breyta um afstöðu, skipta um skoðun.

Álfar og huldufólk



Trúin á álfa og huldufólk hefur lengi lifað með þjóðinni. Af því eru til ótal sögur, jafn fjölbreyttar og þær eru margar. Álfarnir eru ýmist ljósir eða dökkir, hjálpsamir eða hrekkjóttir, góðir eða vondir. Huldufólkið býr í steinum, hólum og klettum og hefur útlit manna en er ósýnilegt. Betra er að hafa það með sér en móti og menn skyldu varast að styggja þessar verur. Hins vegar eiga þær til að launa mönnum góðverk ríkulega.

Fyrsta sagan í þessum flokki segir frá ungri stúlku sem hjálpar við barnsfæðingu hjá álfum. Hún verður gæfukona. Í næstu sögu er hins vegar annað uppi á teningnum. Piltur nokkur móðgar álfkonu óvart og hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir hann. Þá er sagt frá ungum dreng sem numinn er brott af álfum en vill ekki dvelja hjá þeim því hann getur ekki borðað matinn þeirra. Honum er því skilað en ekki án refsingar. Saga af Úlfhildi álfkonu er um álfadrottningu sem ræður sig í vist sem vinnukona í mannheimum. Hún er í álögum sem göldrótt og illgjörn kerling hefur lagt á hana. En til þess að komast úr álögunum þarf hún hjálp frá mennskum manni. Loks er svo sagan um selmatseljuna sem kynnist álfasveini meðan hún dvelur í selinu.

18. Álfkona í barnsnaud

Sögugluggi

Stúlka nokkur hjálpar álfkonu í gegnum erfiða fæðingu.
Verður það henni til gæfu.

angurbitin: sorgbitin

það var og að þá hún sá: einnig var það svo að þegar hún sá

Að lestri loknum

1. Finndu Odda á Rangárvöllum á landakortinu. Kynntu þér sögu staðarins. Skráðu nokkrar helstu niðurstöður.
2. „Þá muntu fá að reyna umbreytingu á gæfu þinni.“ Hvernig má skilja orð mannsins?
3. Hvaða laun átti stúlkan að fá fyrir hjálpsemina?
4. Af hverju ætli huldumaðurinn hafi hagað sér svona í lok sögunnar?
5. Gerðu góða grein fyrir umhverfi sögunnar.
6. Dragðu saman aðalatriði sögunnar og skráðu hjá þér.

Svör

2. Þá mun fara illa fyrir þér.
3. Hún átti að verða gæfukona og einnig var henni gefið dýrindis klæði í svuntu.
4. Hann ætlaðist aldrei til að stúlkan sæi álfana. Það voru mistök. Hann hafði launað henni fyrir hjálpina en vildi ekkert frekara samband.
5. Sagan gerist í tveimur heimum, mannheimum og álfaheimum. Stúlkan er leidd í hús huldufólksins þar sem hún aðstoðar við fæðingu. Hún er sótt um kvöld og það er frekar dimmt í híbýlum huldufólksins. Hún er síðan leidd aftur til kirkjugarðsins þangað sem hún hafði verið sótt. Sagan gerist því á prestsetri, hún verður svo prestfrú og hinn huldumanninn aftur hjá kaupmanni í kaupstað. Umhverfi sögunnar er dæmigert íslenskt sveitaumhverfi, hulduheimar virðast vera líkir mannheimum og huldufólkið lifir svipuðu lífi og mennirnir.
6. Mögulegt svar: Vinnukona á Odda hittir mann úti fyrir við kirkjugarðinn sem biður hana að koma með sér. Hún fylgir mannum hálfnauðug inn í hól og þar er kona hans að fæða barn en fæðingin gengur erfiðlega. Maðurinn biður hana að aðstoða konu sína sem hún gerir og fæðingin gengur vel. Hún sér huldufólk eftir þetta því hún hafði fengið dropa af vatni á annað augað hjá huldufólkinu sem hún átti ekki að fá. Seinna þegar hún er orðin prestfrú hittir hún huldumanninn hjá kaupmanni og heilsar honum. Hann vætir fingurinn með munnvatni og strýkur yfir augu hennar með fingrinum og hættir hún þá að sjá huldufólk eftir það.



19. Ertu þyrstur, viltu drekka?

Sögugluggi

Piltur nokkur sér álfkonu í kletti og bregður svo að hann missir málið og svarar ekki kveðju hennar. Það reynist honum dýrkeypt.

snöggklæddur: yfirhafnarlaus

skekur strokk: strokkar, gerir smjör

áhrínsorð: spádómsorð sem rætast

Áð lestri loknum

1. Hvers vegna þáði pilturinn ekki drykkinn úr því hann var bæði þyrstur og móður?
2. Hvers vegna ætli kvenmaðurinn hafi lagt þessi álög á piltinn?
3. Hvað segir þessi saga um skapgerð álfa og huldufólks?
4. Dragðu saman aðalatriði sögunnar og skráðu hjá þér.

Svör

1. Pilturinn varð svo hræddur að hann þorði ekki að þiggja drykkinn, missti málið.
2. Hún firrtist við þegar hann vildi ekki þiggja drykkinn. Og úr því hann hafði ekki meiri kjark þá skyldi hann ekki ná lengra heldur verða smalamaður að eilífu.
3. Álfar gátu verið grimmir alveg eins og þeir voru göfuglyndir við þá sem þóknuðust þeim eða hjálpuðu á einhvern hátt.
4. Mögulegt svar: Ungur smali verður þyrstur á fjalli og sér inn í hamravegg þar sem léttklædd stúlka er við vinnu og býður honum að drekka. Hann verður hræddur og hleypur heim og segir frá þessu heima við. Nóttina eftir dreymir hann stúlkuna sem skammar hann fyrir að hafa ekki þegið drykkinn og spáir því að hann verði ekki auðnumaður úr því að hann hafi ekki þegið drykkinn. Sú spá rættist samkvæmt sögunni.



20. Sveinninn sem undi ekki með álfum

Sögugluggi

Ungur drengur hverfur en finnst aftur að viku liðinni. Segist hann hafa gist í álfaklettum. Ekki hafði hann þó viljað dvelja þar lengur því að honum líkaði ekki maturinn. En hann bar alla ævi merki um heimsóknina.

ekki hefði orðið um sig tætt: ekki verið hægt að hemja sig, koma tauti við

Áð lestri loknum

1. Finndu Þingeyjarsýslu á landakortinu.
2. Hvers vegna sló gamla konan drenginn?
3. Endursegðu söguna með þínum orðum.

Svör

2. Hún sló hann vegna þess að hann vildi ekki vera hjá álfunum.
3. Mögulegt svar: Fjögurra ára drengur hverfur og finnst aftur viku seinna. Hann segist hafa verið inni í klettunum hjá álfunum. Hann vildi þó ekki vera þar því maturinn hafi verið maðkaður og var leiddur heim á leið af gamalli konu. Hún sló hann utan undir til þess að hann gleymdi því ekki að hann hefði verið hjá álfum.



21. Úlfhildur álfkona

Sögugluggi

Kona kemur að bæ og beiðist gistingar. Er hún ráðin þar vinnukona. Hún er orðlögð fyrir dagnað en ekki fer hún til kirkju. Vinnumaður tekur eftir því að konan fer af bæ á jólanótt. Hann fer í humátt á eftir henni og hefur það afdrifaríkar afleiðingar fyrir þau bæði.

Þingmannaleið: dagleið ferðamanna að gömlu mati, um 37,5 km

er hún föluð: er hún beðin, fengin til að vera, ráðin

skæði: tilskorið skinn í skó

hafa mætt á lasi: hafa fengið ávitur, ámæli

í afkima: í skoti eða horni afsíðis

gnýr hún glófana: nuddar hanskana

óspakt: óþægt, lét illa

hafa yrst: orðið sundurorða, hafa kýtt, átt í erjum

Að lestri loknum

1. Finndu Mývatn á landakortinu. Í hvaða sýslu er það?
2. Um hvaða leyti hófst túnasláttur yfirleitt fyrr á tímum? Einn mánuður bar nafn er tengdist slætti. Hvað hét hann og hvenær á árinu var hann?
3. Úlfhildur skyldi gera sér skó til jólanna og einnig vinnumönnum þeim tveimur sem hún þjónaði. Kynntu þér þjónustu vinnukvenna við vinnumenn áður fyrr. Leitaðu á bókasafni eða Netinu. Skráðu helstu niðurstöður.
4. Hvar fór Úlfhildur til messu um jólin?
5. Vinnumaður gat sannað sögu sína með því að sýna einn hlut. Hvað var það og hvernig fékk hann hlutinn í hendur?
6. Segðu með eigin orðum sögu Úlfhildar.
7. Finndu sex lýsingarorð sem eiga við um Úlfhildi.
8. Hvaða einkenni þjóðsagna eða ævintýra hefur þessi saga?

Svör

1. Mývatn er í Þingeyjarsýslu.
2. Mánuðurinn heitir heyannir og hófst 23.–30. júlí.
3. Vinnukonur þjónuðu vinnumönnum á ýmsan hátt. Drógu af þeim skó og vosklæði þegar þeir komu inn frá vinnu. Gerðu þeim skó, skömmtuðu mat o.fl.
4. Úlfhildur fór til messu hjá álfunum en þar var hún drottning.
5. Úlfhildur bar barn á handlegg í kirkjunni. Barnið varð órólegt og hljóðaði. Lét hún það fá gullhring til að róa það en barnið fleygði honum fram eftir kirkjugólfinu svo vinnumaður náði hringnum. Hann hafði hann með sér til mannheima og gat þannig sannað sögu sína.
7. Viðkvæm, dugleg, þríf, siðsöm, trygglynd, orðvönd.
8. Hér er m.a. hægt að nefna: Sagan byrjar á Einu sinni var... Sagt er frá í réttri tímaröð. Endurtekningar: Úlfhildur fer að gráta í hvert sinn sem hún á að fara heim. Persónur eru fáar. Andstæður eru áberandi í persónusköpun; ríkur – fátækur, vondur – góður, Úlfhildur er fátæk vinnukona í mannheimum en drottning í álfheimum, sagt er frá vondri kerlingu sem lagði á hana ill álög. Þrítala er notuð. Úlfhildur fór þrjár jólanætur í röð til álfheima. Stuðlar koma fyrir: „Mæltu manna heppnastur“.

22. Selmatseljan

Sögugluggi

Prestur nokkur gerir fósturdóttur sína að ráðskonu í seli. Hún verður ófrísk í selinu en ekki er vitað hver er faðirinn. Það kemur þó í ljós undir lok sögunnar.

selstaða: að vera með fé í seli

ráðdeild: hagsýni

varð þessum ráðahag framgengt: var ákveðið að þau yrðu gefin saman

ekki sæktu allir gæfu með gjaforðinu: hjónaband yrði ekki öllum til gæfu

með því: af því að, þar sem

matselja: eldabuska, kona sem eldar mat

brugðið af boði sínu: óhlýðnast

málnytta: kýr og ær sem gefa mjólk, sú mjólk sem fæst í eitt mál á bæ

bað þá aldrei þrífast: að þeir döfnuðu ekki vel, hefðust illa við

skil ég til við þig: set ég sem skilyrði

með hýrri há: glaðleg, eins og henni liði vel

í hvívetna: að öllu leyti

að konu sinni fornspurðri: án þess að spyrja hana

þar á ríður líf mitt: líf mitt er undir því komið

Að lestri loknum

1. Kynntu þér störf í seli áður fyrr. Skráðu helstu upplýsingar.
2. Hvernig komst gamla konan að því að konan var að segja sína eigin sögu?
3. Hvað finnst þér sorglegast við söguna sem konan sagði gömlu konunni?
4. Hvaða mistök gerði eiginmaður konunnar og hvaða afleiðingar höfðu þau?
5. Í þjóðsögunum er oft talað um að einhver springi af harmi. Hvað ætli sé átt við?
6. Útskýrðu merkingu eftirfarandi:
 - a) fór þykktinni því meir fram sem lengur leið á
 - b) hún neitaði að hún væri eigi einsöm og kvað sér ekki til meina
 - c) smalamanni var vant alls fjárins
 - d) var móðir hans fyrir framan hjá honum
 - e) hinn meiri maður bað hann ekki mæla svo óvirðulega að slíkur höfðingi ætti það konuríki að hann væri ekki einráður í slíkum smámunum

Svör

2. Stúlkan kom upp um sig þegar hún var að segja tengdamóður sinni sögu. Hún var að segja frá í þriðju persónu en sagði skyndilega ÉG sem sýndi að hún var að tala um sjálfa sig.
3. Þetta er kannski sorglegasti hlutinn: Upp frá þeirri stundu sáust þau ekki, stúlkan og huldumaðurinn en hún giftist öðrum manni sárnauðug því hún þráði svo mjög hinn fyrri ástmann sinn og sá aldrei upp frá því glaðan dag.
4. Hann réð vetrarmenn án þess að segja konu sinni frá því.
5. Átt er við að sorgin beri fólk ofurliði, það missir lífslöngun og veslast upp, nærast ekki: deyr úr sorg.
6.
 - a) verður gildari með degi hverjum
 - b) neitaði að hún væri ófrísk og sagði ekkert ama að sér
 - c) hann hafði týnt öllum kindunum
 - d) hann hafði hana hjá sér, sá fyrir henni
 - e) sýna ekki þá óvirðingu að halda því fram að svo mikill höfðingi gæti ekki ráðið svo lítlífjörlegu máli vegna ráðríkis konu sinnar

Draugar



Ekki er undarlegt að fólk hafi óttast drauga fyrir á tímum. Það bjó í illa upplýstum húsum, úti voru engin götuljós, ekkert rafmagn og oft var tunglið eina lýsingin sem menn höfðu á ferðum sínum. Enda töldu þeir sig stundum mæta ýmsu misjöfnu. Af þessu eru til margar sögur.

Hér er fyrst saga af sjómanni sem kemur í höfn og leitar gistingar. Hann hittir einkennilega stúlku og eltir hana. Ekki reynist það honum að öllu leyti hættulaust. Næst er sagan af Miklabæjar-Solveigu. Hún leggur ofurást á prest nokkurn sem hafnar henni og þá tekur hún líf sitt í ástarsorginni. En Solveig er jarðsett utangarðs og gengur aftur. Ofsækir hún nú prestinn af miklum móði og er ekki útséð um hvort hann muni halda lífi fyrir henni. Tískildingurinn er lítil saga um mann sem grefur pening í jörð og ætlar að vitja hans þegar hann deyr. Loks er sagan af Jóni óhrædda. Hún fjallar um mann sem ekki kann að hræðast. Leitar hann víða eftir aðstoð því hann langar til að kynnastræðslunni en ekkert virðist geta vakið honum hræðslu. Þangað til að lokum að lausnin kemur úr óvæntri átt.

23. Hverf er haustgríma

Sögugluggi

*Sjómaður kemur til Reykjavíkur um haust og ætlar að gista nokkrar nætur.
Gististaðurinn verður þó annar en hann ætlaði og hann lendir í miklum hremmingum.*

hverf: breytileg, hverful

haustgríma: haustnótt

gaf gaum að: tók eftir, veitti athygli

þreyttu þessa för: héldu áfram ferðinni

gustmikil: áköf, ofsafull

meinvættur: óvættur, skaðleg skepna

hrúgald: ólöguleg hrúga

Að lestri loknum

1. Hvar er Herkatalinn? Við hvaða her er hann kenndur?
2. Af hverju fór maðurinn að elta stúlkuna?
3. Hvernig stóð á því að maðurinn sofnaði inni í ókunnu, niðdimmu húsi?
4. Lýstu átökunum við stúlkuna. Voru þau draumur eða veruleiki?
5. Hvaða hús var það sem maðurinn gisti í?
6. Finndu upplýsingar á Netinu um húsið sem maðurinn gisti í og skráðu helstu niðurstöður um tilurð þess og sögu.
7. Gerðu grein fyrir tíma og umhverfi sögunnar.

Svör

1. Herkatalinn er í miðbæ Reykjavíkur á horni Aðalstrætis og Túngötu. Hann er kenndur við hjálpræðisherinn sem berst við það að breiða út fagnaðarerindið og vinna margvísleg mannúðarstörf.
2. Hann fór að elta stúlkuna af því hann ætlaði að spyrja hana til vegar.
3. Hann var móður eftir gönguna og mjög þreyttur. Þegar hann fann svefnstað þarna í myrkrinu þá lagðist hann einfaldlega niður og sofnaði.
4. Þetta var draumur. Hann dreymdi að stúlkan réðist á sig og ætlaði að kyrkja sig. Honum tókst með herkjum að verjast henni og komast undan. Þá vaknaði hann.
5. Hann gisti í líkhúsi franska spítalans.
6. Franska spítalafélagið lét reisa á lóðinni við Lindargötu 51, stórhýsi þeirra tíma, sem enn stendur. Félagið hafði það markmið að koma upp spítölum fyrir franska sjómenn sem veiktust eða slösuðust hér við land. Húsið var í smíðum 1901. Franskir spítalar voru reistir víðar um landið á þessum tíma, m.a. á Fáskrúðsfirði og í Vestmannaeyjum.
7. Sagan gerist í Reykjavík að haustlagi líklega á fyrri hluta 20. aldar. Tíminn er frá kvöldi og til morguns. Sögusviðið teygir sig frá höfninni að Herkastalanum við Túngötu, um Austurstræti og Lækjartorg, inn Hverfisgötu allt að Frakkastíg og niður stíginn að líkhúsi Franska spítalans. Að ógleymdri gömlu lögreglustöðinni.

24. Miklabæjar-Solveig

Sögugluggi

Ung stúlka tekur líf sitt vegna ástarsorgar, gengur síðan aftur og ofsækir prest þann sem hún hafði lagt ást á. Hún er dysjuð utan kirkjugarðs og hótar honum í draumi að hann skuli ekki heldur hvíla í vígðri mold. Síðan gerist það eitt kvöld að prestur hverfur.

lagðist á hugi: lagði hug á, felldi hug til, varð ástfanginn

tóftarbrot: brot úr húsarústum

ötull: duglegur, harðfyllginn, vaskur

ófyrrleitinn: ósvífinn, frekur

afsvor: neitun

hefði farið sér sjálf: tekið líf sitt, fyrirfarið sér

líkið stóð uppi: lá á líkbörum

vasaði: strunsaði, skundaði, rigsaði

annexía: útkirkja, kirkjustaður þar sem ekki er prestsetur

að guða: heilsa með því að segja: „Hér sé guð.“

götupallur: baðstofugólf með mold í miðju en þiljuðum skákum með fram rúmumum beggja vegna

Að lestri loknum

1. Miklibær er í Skagafirði. Finndu Skagafjörð á landakortinu. Finndu svo Miklabæ í Skagafirði. Einnig Reynistað.
2. Hvers vegna vildi Solveig taka líf sitt?
3. Hvers vegna fékk Solveig ekki þá hinstu bón sína uppfyllta að fá að hvíla í vígðri mold?
4. Hvað var það sem Solveig lagði á Odd prest í draumnum?
5. Á hvern hátt kemur umhyggja fólks til samferðamanna sinna fram í þessari sögu?
6. Hvað heldur þú að hafi orðið um séra Odd miðað við þær upplýsingar sem gefnar eru í sögunni?

Svör

2. Solveig sturlaðist úr ástarsorg og framdi því sjálfsmorð.
3. Hún fékk ekki hvíld í kirkjugarði vegna þess að hún tók sjálf líf sitt. Kirkjan leyfði það ekki.
4. Hún lagði á hann að hann skyldi ekki fá hvíld í vígðri mold heldur.
5. Varð mönnum mjög órótt er þeir sáu að prestur hafði komið heim en var nú allur horfinn. Var þá farið að leita að honum og spurt eftir honum á öllum bæjum sem líkindi þóttu að hann hefði að komið og fékkst þá sú fregn að honum hefði verið fylgt heim að túngarðinum um kvöldið en hann ekki viljað fylgdina lengur. Eftir það var gjörður mannsófnuður og hans leitað í marga daga samfleytt. En allt kom það fyrir ekki. Guðlaug vakti einnig yfir Þorsteini nóttina sem Solveig kom og ætlaði að skera hann á háls.
6. Miðað við það sem sagan segir hefur Solveig setið fyrir presti og tekið hann með sér í dysina.

25. Tískildingurinn

Sögugluggi

Maður nokkur grefur pening í jörð og hugsar ekki meira um það fyrir en hann liggur fyrir dauðanum.


hæla því: hæla sér af afrekum sínum, hreykja sér
að honum leið: mátt dró úr honum, hann var að dauða kominn
því meir sem honum þyngdi: því veikari sem hann varð

Að lestri loknum

1. Hvað er sagt að sá sem grefur fé í jörð geri eftir dauða sinn?
2. Hvers vegna skyldi sá er lá banaleguna hafa beðið vin sinn að sækja peninginn?
3. Skrifaðu 70–80 orða útdrátt úr sögunni.

Svör

1. Sagt er að hann gangi aftur og vitji fjárins til að skemmta sér með það.
2. Hann óttaðist að ganga aftur og það þess vegna vin sinn að sækja peninginn til að koma í veg fyrir það.



26. Sagan af Jóni óhrædda

Sögugluggi

Maður nokkur sem kann ekki að hræðast leggur land undir fót. Hann vill kynnst hræðslunni og leitar hennar árangurslaust þangað til hann finnur hana óvænt.

ekki við alþýðuskap: ólíkur almenningi, sérlundaður

atyrða: ávíta, skamma

þekktist: þáði

vosklæði: blaut föt

vitstola: vitfirrtur, óður

engir peningar komu fyrir eftir hann: skildi ekki eftir sig neina peninga þegar hann dó

letja: telja úr, ráða e-m frá e-u

álnar (ef. af alin): mælieining u.p.b. 60 cm

gjörðu ekki að: aðhöfðust ekkert

mundur: heimanfylgja, fé með dóttur

Að lestri loknum

1. Af hverju ákvað Jón að komast að því hvað hræðsla væri?
2. Hvers vegna fór hann að Árnesi á Ströndum? Finndu það á landakortinu.
3. Hver vegna höfðu menn orðið vitstola sem fundust við bæinn?
4. Hvað vildi Jón fá fyrir að hleypa hinum dauða aftur í gróf sína?
5. Hvað var í skápnum sem dauði maðurinn í Vatnsfirði sýndi Jóni?
6. Hvernig kynntist Jón loks hræðslunni?
7. Hvaða afleiðingar getur það haft að þekkja ekki hræðslu?
8. Finndu að minnsta kosti þrjú einkenni þjóðsagnastíls í þessari sögu.

Svör

1. Það var hlegið að Jóni vegna þess að hann sagðist ekki þekkja hræðsluna. Þess vegna ákvað hann að reyna að komast að því hvað þetta væri.
2. Faðir Jóns ráðlagði honum að fara til prests nokkurs á Ströndum og leita þar ráða.
3. Menn höfðu orðið vitskertir vegna draugasögu.
4. Jón vildi að hann gæfi sér peninga sína alla og að hann lofaði að vitja þeirra aldrei oftar.
5. Í skápnum voru ellefu mannhöfuð.
6. Ung stúlka gól í eyra hans þar sem hann svaf. Hann hrökk upp dauðhræddur.
7. Ef menn eru aldrei hræddir við neitt geta þeir auðveldlega farið sér að voða. Hræðslan gerir menn gætnari.
8. Peningar grafnir í kirkju, maður rís afturgenginn upp úr leiði, sex menn moldugir koma inn í stofuna, berandi líkkistu á milli sín, ellefu mannhöfuð í skápnum. Þetta eru nokkur atriði sem benda til þess að um draugasögu sé að ræða.

Ævintýri



„Einu sinni voru karl og kerling í koti sínu og kóngur og drottning í ríki sínu.“ Á þennan veg hefjast mörg ævintýri. Þótt ævintýri séu fjölbreyttur flokkur hafa þau ýmis sameiginleg sérkenni. Þau eru t.d. skemmtisögur sem oft hafa flakkað milli landa. Við það hafa þau skipt eitthvað um svip eða búning Oft eru nornir eða galdrakarlar í ævintýrum. Þar geta líka verið tröll, álög, töfragripir og kynjaverur ýmiss konar.

Fyrsta sagan í þessum flokki segir frá færilúsarrassinum, kostulegt ævintýri sem lýsir því hvernig menn keppast við að segja kónginum lygasögur. Þá er sagan um Báráð sem á líf sitt að launa rauðskeggjuðum karli sem móðir hans hittir einn dag úti í skógi. Rauðskeggur vill fá Báráð til sín og fjallar sagan um það hvernig Báráði tekst með brögðum að losna hvað eftir annað við karlinn. Þá tekur við ævintýrið um Grámann í garðshorni. Það er skemmtileg saga um ungan mann sem tekur að sér að hjálpa karli og kerlingu í koti sínu í vandræðum þeirra. Hjálp hans er að mestu fólgin í því að stela sauðum og uxum frá kónginum. Þetta dregur eðlilega dilk á eftir sér. En Grámann er brögðóttur og hefur í fullu tré við kónginn og menn hans.

Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn er ævintýri sem lýsir viðskiptum karls og kerlingar við huldumanninn Kiðhús er býr í hól nálægt kotinu. Þeim tekst að hafa ýmislegt út úr Kiðhúsi en ætla sér kannski aðeins um of. Sagan af Kolrössu krókríðandi er ævintýri um þrjár karlsdætur sem lenda í klónum á risa nokkrum. Það er yngsta dóttirin, Helga, sem sér við risanum, sú sem höfð er út undan í öskustónni. Hún vefur íburðarmikinn lygavef sem risinn flækist að lokum í með hyskinu félögum sínum. Neyttu meðan á nefinu stendur er fyndið lítið ævintýri um kerlingu sem fer á bak við karl sinn til að geta étið úr smjörtunnu þeirra hjóna. Loks er svo sagan um Finnu forvitru þar sem segir af konu sem er gift gegn vilja sínum og eiginmaðurinn er ekki allur þar sem hann er séður.

27. Sagan af færilúsarrassinum

Sögugluggi

Kóngur einn er sólginn í sögur. Hann ákveður að bjóða þeim verðlaun sem geti sagt sér sögu sem hann ekki trúir. Karlsson ákveður að reyna.

var ekki af baki dottinn: gafst ekki upp
ekki með öllum mjalla: ekki heill á geði, brjáláður
flautir: þeytt undanrenna

Að lestri loknum

1. Hvaða ráð notaði kóngurinn til að fá nýjar sögur að hlusta á?
2. Hvað bauð kóngurinn að launum fyrir sögu sem hann ekki tryði?
3. Hvað var það sem kóngur sagði alltaf þegar hann var spurður hvort hann tryði sögunum?
4. Lýstu með eigin orðum stráknum sem lék á kónginn.
5. Hver er aðalpersóna sögunnar?
6. Endursegðu sögu stráksins með þínum orðum. 50–100 orð.

Svör

- 1.-2. Hann lét það boð út ganga að hver sá sem gæti sagt sér sögu sem hann ekki tryði skyldi að launum fá kóngsdótturina og hálfkónsríkið og allt eftir sinn dag.
3. Já, þessu trúir kóngur því margt er skrítið í náttúrunnar ríki.
5. Karlsson er aðalpersónan.
6. Mögulegt svar: Kóngur einn er sólginn í sögur. Hann ákveður að bjóða þeim verðlaun sem geti sagt sér sögu sem hann ekki trúir. Karlsson ákveður að reyna. Hann segir kóngi langa sögu sem að lokum er svo ótrúleg að mati kónsins að hann trúir ekki stráknum. Karlsson fékk að launum kónsdótturina og hálfkónsríkið.



28. Báraður

Sögugluggi

Kerling þiggur hjálp frá manni nokkrum til að verða barnshafandi. Að launum vill hann fá soninn að sjö árum liðnum. Þegar karl kemur að sækja strákinn tekst strák að leika á hann. Þetta endurtekur hann að sjö árum liðnum. Enn líða sjö ár og þá dregur heldur betur til tíðinda.

verða sundurorða: deila, rífast

meðkenna: viðurkenna

að hafa fram hjá: vera ótrú, halda fram hjá

dækja: flenna, drusla

rekkjuvoðirnar: sængurfötin

atgervi: miklir hæfileikar

stía: kró, krubba, bás

makindi: ró, friður

óbrotið: einfalt, fábrotið

það gildir einu: það skiptir engu, má einu gilda

Að lestri loknum

1. Hvaða afleiðingar hafði það að kerling skyldi drekka soðið og éta beinin þvert ofan í boð Rauðskeggs?
2. Segðu frá því hvernig Báraður plataði Rauðskegg þrisvar til að lofa sér að vera áfram hjá karli og kerlingu.
3. „Þá verður þú orðinn mitt ofurefli.“ Hvað þýða þessi orð?
4. Lýstu Báraði eins nákvæmlega og þér er unnt.
5. Nefndu að minnsta kosti þrjú einkenni ævintýra sem finna má í þessari sögu.

Svör

1. Með því að drekka soðið og éta beinin fékk Báraður aflið og vitið sem Rauðskeggur ætlaðist ekki til að hann fengi. Það dugði stráknum svo til að plata karlinn.
2. Sjö ára gamall sagði hann karli að foreldrar sínir hefðu farið út í skóg og ætluðu að skilja þar eftir það sem þau fyndu en koma með það sem þau fyndu ekki. Það voru lýsnar og flærnar úr rekkjuvoðunum. Þegar Báraður var fjórtán ára sagði hann karli að þau hefðu farið út í skóg með hálf tveim svín en hann hafði einmitt höggvið eitt svínið í sundur sjálfur og haldið helmingnum eftir heima. Þegar hann varð tuttugu og eins árs sagði hann Rauðskegg að hann ætlaði að hafa nýja húsið til þess að tala við hálfan inni og hálfan úti. Og til að fá svarið við þeirri gátu varð Rauðskeggur að gjalda með lífi sínu.
3. Þessi orð þýða að Rauðskeggur var hræddur um að á þeim tíma sem um var rætt í sögunni yrði Báraður orðinn vitrari og/eða sterkari heldur en hann.
4. Báraður var efnilegur og fallegur strákur. Hann var auk þess mjög klókur og virtist mun eldri heldur en aldur hans var í raun og veru. Þegar hann var orðinn ungur maður, bar hann af öðrum mönnum. Hann náði að gabbra og drepa Rauðskegg sem ætlaði að fara með hann í burtu.
5. Sagan byrjar á orðunum: Einu sinni var. Rauðskeggur kom þrisvar og sagði nánast sama hlutinn í hvert skipti og strákur svaraði alltaf eins. Þrítalan er eitt einkenni ævintýra og endurtekningin annað. Svo eru kóngur og drottning og prinsessa og þau Báraður átta börn og buru o.s.frv.

29. Grámann

Sögugluggi

Karl einn tekur orð prestsins nokkuð bókstaflega. Karl og kerling fá ungan mann inn á heimilið en hann tekur að sér það hlutverk að rétta stöðu þeirra nokkuð.

lagði út af: talaði út frá, fjallaði um

djúpt tekið í árinni: fullyrt mikið, mikið sagt

körpuðu: deildu, rifust

fékk engu tauti við ráðið: gat ekki talið um fyrir, haft áhrif á

hártogun: útúrsnúningur

vasaði: rigsaði, skundaði

firna þungur: geysilega þungur

hreifingur, hreyfingur: fjör, kæti, smáhreykni

koma ekki í lóg: geta ekki eytt

gefa gaum: veita athygli

kynjar þá nú á þessu: furða þeir sig á þessu, undrast þetta

leiti: hæð

tólg: storknaður mör, innanfitan úr uxanum

kærði sig hvergi: stóð alveg á sama, var ósmeykur

merkur, mörk: hálf pund

kýta: deila, rífast

kom þeim ásamt: þau voru sammála um

datt ofan yfir: urðu steinhissa

verða áskynja um: komast að, fréttu af

Að lestri loknum

1. Hvað var það sem karlinn misskildi í ræðu prestsins?
2. Hvernig brást prestur við þegar karlinn ætlaði að gefa honum kúna? Hvers vegna?
3. Segðu frá því í 30–40 orðum hvernig Grámann fór að því að plata kóngsmennina og ná af þeim uxanum.
4. Hverju svaraði Grámann þegar kóngur spurði hvort hann hefði stolið frá sér fimm sauðum?
5. Hvernig fór Grámann að því að stela rekkjuvoðum kóngrs og drottningar?
6. Hvernig tókst Grámanni að plata kónginn og drottninguna til að fara ofan í pokann?
7. Hver var Grámann í raun og veru og hvernig stóð á komu hans til karls og kerlingar?
8. Finndu að minnsta kosti átta lýsingarorð sem eiga við um Grámann.

Svör

1. Karlinn tók prestinn bókstaflega þegar hann talaði um gjafmildina og það að maður fengi það þúsundfalt launað sem maður gæfi öðrum.
2. Prestur brást hinn versti við. Sagði karl hafa misskilið sig algerlega og hann skyldi hypja sig heim aftur með kúna.
4. Hann játaði það. Sagðist hafa gert það fyrir karl og kerlingu. Þau ættu ekkert, ekki einu sinni matarbita en kóngur hefði allsnægtir.
5. Grámann lét volgan graut drjúpa ofan í rúmið milli kóngrs og drottningar. Það varð til þess að þau fleygðu rúmfötunum á gólfid þar sem hann gat náð þeim.
6. Hann þóttist vera engill, kominn til að láta þau gjalda fyrir syndir sínar. Þau trúðu honum og þorðu ekki annað en að fara ofan í pokann.
7. Grámann var kóngssonur úr nálægu konungsríki. Hann hafði heyrt um misskilning karlsins á fagnaðarerindinu og ákveðið að gera sitt til að láta ósk karlsins rætast.
8. Ráðagóður, hugaður, kænn, klár, greindur, fimur, umhyggjusamur, réttýnn ...

30. Kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn

Sögugluggi

Sagan segir frá karli og kerlingu og viðskiptum þeirra við huldumanninn Kiðhús. Kerling týnir snúðinum af snældu sinni og heldur að Kiðhús hafi tekið hann. Heimta þau sífellt meira og meira fyrir snúðinn. En heimtufrekjan verður þeim hjónum ekki til góðs.

viðsjálgripur: varhugaverður, óútreiknanlegur
snúður, snælda: snælda var teinn úr tré með snúð á enda, notuð til að spinna/vinna band
leitaði dyrum og dyngjum: leitaði alls staðar
brá heldur af kerlu: hún hresstist
bukka: berja
í mál: í hvert skipti sem hún var mjólkuð ákast: mjöl
eins og í þeim lá: eins og þau gátu í sig látið
þeim kom ásamt um: þau urðu sammála um
að sundla: að svima
kleima: klessa, sletta
dröfnur, drafna: lítill díll, blettur
löstur: ókostur, galli

Að lestri loknum

1. Hvað áttu karl og kerling fémætt í kotinu?
2. Hver var Kiðhús og hvar bjó hann?
3. Í þessari sögu er þekkt orðatiltæki. Finndu það og segðu hvað það merkir.
4. Hvaða merki má sjá eftir ferðalag karls og kerlingar í steinaríkinu samkvæmt sögunni?
5. Á hverju má sjá það að Kiðhús hafi tekið snúðinn?
6. Hver er helsti löstur karls og kerlingar?
7. Hvaða einkenni ævintýris hefur þessi saga helst?

Svör

1. Karl og kerling áttu gullsnúðinn. Hann var það eina sem var fémætt í kotinu.
2. Kiðhús var huldumaður sem bjó í hól skammt frá koti karls og kerlingar.
3. Orðtækið er: Að vilja hafa nokkuð fyrir snúð sinn. Merkir að vilja fá e-ð fyrir það sem maður lætur af hendi, fá goldinn greiða.
4. Heilasletturarnar og grautarkleimurnar flugu út um allan heim. En þar sem heilaslettur karls og kerlingar komu á steina urðu úr þeim hvítar dröfnur en úr grautarklessunum urðu hinar gulu og sjást hvorar tveggja enn í dag á grjóti.
5. Þegar karlinn kom til hans fyrst spurði Kiðhús hvað kerling vildi fá fyrir snúðinn. Hann viðurkenndi þar með að hafa tekið hann.
6. Græðgin, þau vildu alltaf meira.
7. Sagan byrjar á orðunum: Einu sinni var, hefur bara þrjár sögupersónur og karlinn fer þrisvar að hitta Kiðhús. Þá eru stuðlar í henni: Karl er þetta, Kiðhús minn, kerling vill hafa nokkuð fyrir snúð sinn.

31. Sagan af Kolrössu krókríðandi

Sögugluggi

Þrjár systur lenda í haldi hjá risa nokkrum. Yngstu systurinni tekst að blekkja hann og setur hún á svið mikið leikrit til þess að bjarga sér og systurum sínum úr höndum risans.

mæltu allt eftir þeim: létu eftir duttlungum þeirra, létu allt eftir þeim

hofróður: konur sem sitja auðum höndum og láta stjarna við sig

tensa sig til: snyrta sig, punta sig

larfar: fataleppar, léleg klæði

öskustó: hola fyrir ösku undir hlóðum eða eldstæði

hlóðir: hlaðið eldstæði, setja pott á hlóðir

ráðahagur: kvonfang. **Leita ráðahags:** biðja sér stúlku

gjaforð: að eignast eiginmann, eiginkonu

vildara: betra

stólbrúðir: armar stóls

skipta hömum: fara í annað líki

herfa: forljót kona, afskræmi

ódámur: sóði, ódráttur, lubbamenni

synja: neita um

standa fyrir öllum beina: bera fram allar veitingar

ósleikjulega, ósleitilega: rösklega, af dugnaði

látið hana betur: komið betur fram við hana

málhreif: ræðin, spjallaði

tasvíg: rösk, aðgangshörð

hvernig honum hugnist að sér: hvernig honum lítist á sig

draga dul á: leynd, halda leyndu

píra: deila út í smáskömmtum, gefa smátt

angráð: sorgmædd, döpur

armædd: hrygg

gekk risinn þá á hana: þaulspurði hana, hvað eftir annað

gekkst hugur við: snúast hugur, skipta um skoðun

æðikippur: spölkorn, kippkorn, góður spotti

nýtt: nýtilegt

Að lestri loknum

1. Af hverju öfunduðu systurnar Helgu?
2. Hvernig komst Helga á slóð systra sinna í hellinum?
3. Lýstu nákvæmlega híbýlum risans.
4. Hvernig fór Helga að því að fá risann til að afhenda sér lyklana að hirslum sínum og híbýlum?
5. Hvernig fékk hún hann til að fara með matarpokann til foreldra sinna?
6. Hver bjó á Melshöfða?
7. Kannast þú við að nafnið Kolrassa krókríðandi hafi verið notað hér á seinni árum?
8. Hvað var einkennilegt við brúðina þegar risinn kom í veisluna með boðsgestina?
9. Hvers vegna fóru boðsgestir að fljúgast á?
10. Finndu fimm lýsingarorð sem eiga vel við um Helgu.
11. Finndu þrjú einkenni ævintýris á þessari sögu.
12. Endursegðu efni sögunnar í stuttu máli.

Svör

1. Þær öfunduðu Helgu af því að hún var fallettri en þær.
2. Hundurinn vísaði henni veginn.
3. Aðalhellirinn var stór og þar voru hlóðir, eldunaraðstaða og svefnstæði fyrir Helgu og risann. Svo var afhellir þar sem hann geymdi systurnar. Fyrir honum var hurð sem var alltaf læst.
4. Hún sagði að ef þau ættu að verða hjón þá yrði hann að treysta sér fyrir lyklunum. Hún þyrfti líka að fara að gera hreint fyrir brúðkaupsveisluna.
5. Hún kveinaði yfir því að foreldrar sínir væru alveg matarlausir en hún hefði allsnægtir. Hann vorkenndi henni og féllst því á að færa þeim matarleifarnar.
6. Risinn bjó á Melshöfða.
7. Stúlknahljómsveit með þessu nafni var stofnuð í Keflavík árið 1991. Trommarinn var reyndar lengst af karlkyns.
8. Helga hafði tekið staur sem lá í hellinum og fært hann í brúðarskart sitt og sett hann þar sem hún átti sjálf að sitja.
9. Ráðagóð, greind, hugrökk, kæn, hjálpsöm, réttisýn ...
10. Gestunum þótti risinn hafa gabbað sig.
11. Sagan hefst á orðunum: Einu sinni var. Risinn kom þrisvar í kotið að biðja sér konu og bauð þeim öllum sömu kostina. Mikið er um endurtekningar og sagan endar vel. Hún endar á þulunni: Þau áttu börn og buru ...
12. Þrjár systur lenda í haldi hjá risa nokkrum. Yngstu systurinni tekst að blekkja hann og setur hún á svið mikið leikrit til þess að bjarga sér og systurum sínum úr höndum risans.



32. Neyttu meðan á nefinu stendur

Sögugluggi

Sagan segir frá kerlingu sem er sólgin í smjör og neytir allra bragða til þess að komast í smjörbirgðir heimilisins. Karl hennar grunar ekkert en endirinn er óvæntur.

borð: auða bilið frá yfirborði smjörsins upp að brún tunnunnar

snót: stúlka

lögg: botn, gróp í tunnustöfum sem tunnubotninn er felldur í

útmánuðir: tveir til þrjár síðustu mánuðir vetrar, einkum góa og einmánuður

rækall: fjári, skrambi, ótæti

Að lestri loknum

1. Hvers vegna keyptu karl og kerling smjörtunnuna?
2. Hvaða atburður endurtekur sig í sögunni. ?
3. Hvers vegna laug kerling að karli sínum?
4. Að hvaða leyti voru nöfn barnanna táknræn fyrir það sem var að gerast í smjörtunnunni?
5. Hvað þýðir máltækið: Neyttu meðan á nefinu stendur?
6. Lýstu kerlingunni eins nákvæmlega og þú getur.

svör

1. Þau ætluðu að hafa smjörið til vetrarins.
2. Kerling fór fjórum sinnum í kóngsgarð. Sagðist alltaf vera að halda barni undir skírn. En sannleikurinn var sá að hún var að sækja sér smjör í tunnuna.
3. Hún var svo sólgin í smjörið að hún stóðst ekki mátið að taka það en gat ekki sagt karli sínum frá. Neyddist því til að ljúga að honum.
4. Fyrst tók hún það sem kallað var gott borð af smjörinu. Þá sagði hún að stúlkan sem skírð var hefði verið látin heita Borða: Borða heitir burðug mæ. Næst tók hún niður í miðja tunnu. Þá hafði stúlkan heitið Miðja: Miðja heitir mikil snót. Í þriðja skiptið tók hún svo mikið að sá í löggina, botninn. Það var stúlkan Lögg: Lögg heitir ljót mæ. Og að lokum fór hún alveg ofan í botn á tunnunni. Þá var það drengurinn Botni: Botni heitir burðugur sveinn.
5. Neyttu meðan á nefinu stendur þýðir: Griptu tækifærið á meðan það gefst.
6. Kerling var lygin og undirföru. Hún var þar að auki haldin fíkn í smjör. Hvort það stafaði af vannæringu er ósagt látið í sögunni.

33. Sagan af Finnu forvitru

Sögugluggi

Kona giftist manni nokkrum tilneydd. Tekur hún eftir því að hann hegðar sér undarlega á jólum. Eltir hún hann út í eyju nokkra þrjú ár í röð en heldur því leyndu sem þar gerist. Að þremur árum liðnum dregur til tíðinda.

jarpur: rauðbrúnn

sem mér boðar hugur: eins og mig grunar

að líf sitt hefði við legið: hefði verið spurning um líf eða dauða

afrétt (kvk.), afréttur (kk.): heiðaland sem bændur nota sameiginlega sem sumarhaga handa búfé

var við hana fár: sagði ekki margt, fálátur

lét ekkert á sér festa: lét ekkert á sér heyra eða spyrjast, gaf ekkert út á

vænleikur: fegurð, gæði

svanni: kona

skörina: brúnina, kantinn

með sama slag: á sama hátt, eins

nár: lík

sút: kvíði, sorg, áhyggja

að samna: að safna

seggur: maður

svinnur: vitur, ágætur

hlunni: handfangið á árinni

öngvit: yfirlíð

festaröl: brúðkaup

Garðaríki: fornt ríki norrænna manna í Rússlandi

Að lestri loknum

1. Yfir hvaða kunnáttu bjó Finna?
2. Faðir Finnu hafði lofað að gifta hana ekki nema líf hans lægi við. Hvað réð því að hann samþykkti bónorð Geirs?
3. Hvert fór Geir hver jól?
4. Segðu í stuttu máli frá örlögum Geirs?
5. Á hvern hátt leysti Finna vandamál Geirs?
6. Finndu fimm lýsingarorð sem eiga við um Finnu.
7. Endursegðu efni sögunnar í stuttu máli.
8. Nefndu að minnsta kosti fimm einkenni þjóðsagna sem koma fram í þessari sögu.
9. Veldu eina vísu úr sögunni og endursegðu efni hennar.
10. Hvert er hlutverk Sigurðar í sögunni?
11. Hvaða dýrategundir voru í afréttunum og hver átti dýrin.

Svör

1. Finna sá fyrir óorðna hluti, það sem mundi gerast. Það var kallað að vera forvitur.
2. Geir hótaði honum lífláti.
3. Geir fór út í eyju.
4. Faðir hans var kóngur og réð fyrir Garðaríki. Þegar móðir hans var dáin giftist faðirinn aftur. Er þau höfðu skamma stund saman verið drap hún föður hans með eitri og lagði Geir að hann skyldi eiga þrjú börn með systur sinni. Og ef hann fengi ekki þá konu sem allt þetta vissi og þegði þó yfir því skyldi hann verða að ormi og systir hans að ótömdu trippi og ganga í afrétt með öðrum stóðhrossum.
5. Finna þagði yfir vitneskju sinni í þrjú ár.
6. Finna var forspá, trú, trygg, hugrökk, ráðagóð, réttisýn, umhyggjusöm, þolinmód ...

7. Kona giftist manni nokkrum tilneydd. Tekur hún eftir því að hann hegðar sér undarlega á jólum. Eltir hún hann út í eyju nokkra þrjú ár í röð en heldur því leyndu sem þar gerist. Að þremur árum liðnum dregur til tíðinda.
8. Geir var í álögum og systir hans líka, svo er það vonda stjúpan, unga stúlkan sem frelsar systkinin, þau eru kóngsbörn úr fjarlægu landi, giftingar í lokin, Geir fær ríki föður síns, Sigurður fær systurina og stjúpan makleg málagjöld.
10. Hlutverk Sigurðar er að aðstoða Finnu systur sína við að frelsa Geir úr álögum. Sigurður giftist einnig systur Geirs sem var kóngsdóttir.
11. Í afréttunum voru naut, geldfé og hestar sem þau Finna áttu að sögn Geirs.



Útilegumenn



Útilegumenn fóru ekki í útilegu eins og nútímafólk gerir heldur lögðust þeir út vegna þess að þeir voru grunaðir um að hafa brotið lög. Kannski höfðu þeir stolið sér til matar, til dæmis kind eða lambi. Eða þeir höfðu stolið einhverju öðru, jafnvel peningum. Sumir höfðu eitthvað enn verra á samviskunnni en aðrir voru kannski alsaklausir, hafðir fyrir rangri sök. Draumurinn um grösugan dal lengst uppi í óbyggðum, inn á milli jöklanna, lifði góðu lífi fyrr á öldum og líklega hafa margir útilegumenn leitað hans. Sumir hafa kannski fundið hann.

Hér á eftir fara tvær útilegumannasögur. Sú fyrri er um Ketilríði bóndadóttur sem er að leita að fé í óbyggðum þegar hún villist. Lendir hún hjá illpýði miklu, sauðabjófum og mannætum. Er Ketilríður í miklum háska en á bænum er reyndar einn maður sem hjálpar henni. Seinni sagan er um Höllu bóndadóttur. Halla er á grasafjalli með fjölskyldunni en villist og lendir í höndum útilegumanna. Sér hún sína sæng upp reidda enda stendur til að gifta hana einum útilegumanninum. Gömul kona þar í dalnum leiðbeinir Höllu og leggur á ráð um flóttu hennar. En það er hættulegt að reyna flóttu og líf hennar liggur við ef hún næst.

34. Sagan af Ketilríði bóndadóttur

Sögugluggi

Bóndadóttir fer að leita að fé en villist í vetrarhríð og kemur á ókunnuglegan bæ. Þar er fyrir heldur óyndislegt fólk. Þó er þar einn almennilegur maður sem hjálpar henni. Hún fær seinna tækifæri til að launa honum hjálpina.

kom fyrir ekki: bar ekki árangur
geldar kindur: kindur sem mjólka ekki
vættur: yfirnáttúruleg vera úr öðrum heimi
en að hæfa sé fyrir: en að svo sé í raun og veru
feigð: nálægð dauðans, yfirvofandi dauði
ei (hér): ekkert
hvetja: brýna, hvessa
stólbrúðir: armar stóls

Að lestri loknum

1. Finndu Suður-Múlasýslu á landakortinu.
2. Hvers vegna fór Ketilríður ein að heiman um hávetur?
3. Hver var ástæða þess að Þorsteinn vildi ekki að hún gisti á bænum?
4. Hver var Sörli og hvaða hlutverki gegnir hann í sögunni?
5. Endursegðu í stuttu máli það sem gerðist eftir að Ketilríður kom í seinna skiptið á bæinn.
6. Lýstu Ketilríði bóndadóttur í fáum orðum.
7. Hvaða einkenni þjóðsagna má finna í þessari sögu?

Svör

2. Ketilríður fór að leita að fé föður síns.
3. Þorsteinn vissi hvers konar illþýði bjó þarna og vildi forða Ketilríði frá þeim örlögum.
4. Sörli var hundur Þorsteins. Hann rak féð heim til föður Ketilríðar og vísaði seinna björgunarmönnum á Þorstein þar sem hann var bundinn í læstu húsi.
5. Þegar Ketilríður kemur í seinna skiptið er hún með hóp manna sem hún biður um að bíða úti þar til hún gefi þeim merki. Hún fer því ein inn í bæinn og hittir þar fyrir illþýði sem býður henni mannakjöt að borða. Hún afpakkar og biður um annan mat en þá vill karlinn á bænum drepa hana. Hún biður um að fá að fara með bæn í útidyrnum og kallar þar á menn sína sem koma til aðstoðar. Þeir drepa húsráðendur og finna Þorstein bundin. Þau fara burt með allt fémætt, Ketilríður og Þorsteinn giftast og lifa góðu lífi.
6. Ketilríður var eins og faðir hennar sagði, karlmannleg. Svo má segja að hún hafi verið mjög hugrökk, einnig ráðagóð, heppin og réttsýn.
7. Sagan hefur útilegumenn og sauðabjófa, mannætur, hund sem leikur hlutverk og bjargar málum, drauma, góðan mann sem er í haldi útle gumannanna og hjálpar aðalpersónunni. Svo fær illþýðið makleg málagjöld í lokin og allt er í lukkunnar velstandi. Þau skótu hjúin giftast og unnast til æviloka.

35. Halla bóndadóttir

Söguhluggi

Stúlka nokkur villist á grasafjalli og lendir í höndum útilegumanna. Gömul kona hjálpar henni að flýja. Seinna ræður faðir hennar tvo vinnumenn en fljótlega kemur í ljós að þeir eru ekki allir þar sem þeir eru séðir.

hafa geymt þín: passað þig, gætt þín

reið slíkt sem af tók: allt hvað af tók, eins hratt og hún gat

fer nú það er hún má: fer eins hratt og hún getur

hniginn mjög á efra aldur: kominn á efri ár, orðinn gamall

litli skatturinn: morgunverður um kl. 9 (á undan venjulegum morgunmat)

kvíar: rétt þar sem kindur voru mjólkaðar

fyrirmjölt: það sem mjólkað var í fyrri umferð, síðan var mjólkað aftur, eftirmjölt

hreyta: mjólka síðustu dropana

ásauður: kvíær, mjólkandi ær

Að lestri loknum

1. „Geymið hana ei verr en ég hef aflað hennar.“ Hvað er átt við með þessum orðum?
2. Að standa stuggur af einhverju. Hvað þýða þessi orð?
3. Endursegðu í stuttu máli flóttaáætlun gömlu konunnar.
4. Settu þig í spor Björns þegar hann segir foreldrum Höllu frá því sem á daga hennar hefur drifið frá því hún hvarf.
5. Gerðu grein fyrir byggingu þessarar sögu, þ.e. hvernig hún skiptist í upphaf, flækju og lausn. Gerðu einnig grein fyrir risi hennar og hvernig spenna er byggð upp.
6. Veldu eina aukapersónu í sögunni og gerðu grein fyrir hlutverki hennar.

Svör

1. Hann hafði lagt töluvert mikið á sig til að ná Höllu og flytja hana í dalinn. Hann á væntanlega við að þeir skuli gæta hennar vel.
2. Að hræðast eitthvað.
3. Gamla konan sagði henni að þær væru staddar í Ódáðahrauni. Hún sagði henni að hún ætti að látast sofna um kvöldið, sú gamla ætlaði að hafa til handa henni nestisbita og skó. Síðan vísar gamla konan henni til vegar út úr dalnum, hún bendir henni á að hún verði að dyljast við sólarupprás í jarðfalli nokkru á leiðinni og fylgja síðan breiðum vegi til byggða.
5. Upphaf sögunnar er þegar Höllu er rænt þegar hún er á grasafjalli af útilegumanni og hún er þar sumarlangt. Flækja sögunnar eða atburðarásin hefst þegar gamla konan fer að aðstoða Höllu við að flýja og setja saman flóttaáætlun og heimferð Höllu hefst. Hún felur sig við sólarupprás en hennar var leitað og var m.a. leitað í holunni sem faldi sig í en hún finnst ekki.
Síðar kemur í ljós að sá sem leit í holuna, þóttist ekki sjá Höllu og fær hana síðar til að launa sér greiðann. Halla kemur á prestsetur þar sem hún gerist vinnukona, sá sem hafði séð hana í holunni, Björn, kemur þangað einnig og því hagar þannig til að þau enda sem hjón.

Það má segja að í sögunni séu tvö ris, hið fyrra þegar Björn þykist ekki sjá Höllu í holunni sem verður til þess að hún kemst til byggða og hið síðara þegar hann kemur fram á prestsetrinu og segir henni hvernig á málum var háttað og biður hana um að gjalda sér greiðann, sem verður til þess að þau fara að draga sig saman og enda sem hjón.

Spennan er byggð upp á þann hátt að Halla sleppur naumlega undan útilegumönnunum með hjálp frá Birni. Að auki hræðist hún eldri mann sem var í fylgd Bjarnar þar sem hann hefur í hótunum við hana en aftur ver Björn hana.

6. Gamla konan gegnir mikilvægu hlutverki í sögunni. Hún leggur á ráðin um flótta Höllu og útskýrir nákvæmlega fyrir henni hvert hún eigi að fara og hvað hún eigi að gera til þess að leika á útilegumennina. Án ráða hennar hefi Halla aldrei komist undan.





Í þessum flokki eru sögur af ýmsu tagi. Í þeim eru ekki tröll, álfar, draugar eða aðrar vættir. Þetta eru sögur af fólki. Fyrsta sagan fjallar um lögmann dulbúinn sem flæking sem fer í heimsókn á bæ hjá hjónum sem eru þekkt fyrir litla gestrisni. Með dvöl sinni á bænum afhjúpar hann hjónin og reynir það á eigin skinni hvers konar ótuktir þau eru. Þá er saga um unga stúlku sem leggur það í vana sinn að gefa hröfnum leifar og skófir á hverjum morgni. Þessi góðsemi stúlkunnar verður henni til góðs. Þannig er það alltaf í þjóðsögnum: Fólki er launuð góðsemi en illmennska hefnist. Sagan um kerlinguna fjórdrepnu er kostuleg. Þar segir af konu sem baktalar tengdadóttur sína svo illa að stúlkan ákveður loks að láta til skarar skríða gegn henni. Kerlingin hendist úr rólu og dauðrotast, er rekin í gegn með sveðju, sleddu og loks sverði! Loks er svo saga um dreng einn af Norðurlandi sem ætlar með húskörlum suður yfir heiðar til sjósóknar. Hann kemst reyndar aldrei lengra en í Kalmanstungu. Þar reyna samferðamennirnir að gera honum ljótan grikk og hann hættir við að fara með þeim. Þetta verður drengnum til góðs, hann ílengist í Kalmanstungu og finnur þar ástina að lokum.

36. Sveinn lögmaður í dularbúningi

Sögugluggi

Hjón á bæ nokkrum í Eyjafirði voru þekkt fyrir miskunnarleysi gagnvart fátæklingum.
Vísuðu þau öllum gestum til lögmansins á næsta bæ.

stagbættur: mikið bætt, viðgerð

guðaði: heilsaði með því að segja: „Hér sé guð“

pallskák: hærri hluti baðstofugólfs, einkum með fram veggjum

hnuðla: hnoða, kuðla

neðanprjóningur: sokkur sem prjónað hefur verið neðan við

þvæliker: ker til að bleyta, kuðla ull

hrakyrði: illmæli, skammir

reiðingstorfa: torfa undir klyfbera á áburðarhesti

flautir: þeytt undanrenna

Að lestri loknum

1. Hvar er Munkaþverá? Finndu á landakorti.
2. Finndu dæmi um a.m.k. tvö eldgos sem mikið öskufall fylgdi á 18. og 19. öld á Íslandi. Skráðu niðurstöður þínar.
3. Hvað gerði lögmaður til að afhjúpa bóndann á næsta bæ? Skrifaðu hjá þér.
4. Lýstu hjónunum á bænum í 40–50 orðum.
5. Gerðu grein fyrir stöðu kvenna eins og hún virðist hafa verið á þeim tíma sem sagan segir frá.
6. Hvaða boðskap getur þú fundið í þessari sögu?

Svör

1. Munkaþverá er í Eyjafirði.
2. Skaftáreldum 1783-’84 fylgdi mikið öskufall. Sagt er að blá móða hafi lagst yfir hluta landsins og af því var þessi tími nefndur móðuharðindin. Þetta var gosið út Lakagígum. Á 19. öld gaus Askja 1875. Mikil aska kom upp í því gosi og hafði hún slæm áhrif á byggðir sérstaklega um Austurland. Í kjölfarið hófust flutningar Íslendinga til Vesturheims.
3. Hann dulbjó sig sem flæking og baðst gistingar hjá þeim hjónum.
4. Staða kvenna var sú að þær áttu mikið undir körlum komið. Þær gátu ráðið sig sem vinnuhjú á bæi og þar beið þeirra að erfiða við hin ýmsu störf árið um kring. Öll innanhússtörf, vinna með ull á öllum stigum, eldhúsvinna, matargerð, að skammta fólkinu matinn, að þjóna vinnumönnum til borðs og sængur, á sumrin var það heyrinn og er þá ekki allt upp talið.
5. Maður á að vera góður við fátæklinga og þá sem minna mega sín.
6. Boðskapur sögunnar gæti verið sá að koma eins fram við alla, hvort sem þeir eru ríkir eða fátækir.

37. Skíðastaðir

Sögugluggi

Hér segir frá vinnukonu sem er svo góð við menn og málleysingja að það verður henni til lífs þegar skriða fellur á bæinn.

griðkona: vinnukona

skófnapottur: pottur með skófum í;

skófir: matur sem hefur fest við pottinn

hygla: hlynna sérstaklega að e-m, annast vel

sverfa að: þrengja að, verða erfitt

vera elskur að: þykja vænt um



Að lestri loknum

1. Finndu Húnavatnssýslu og Vatnsdal á landakortinu.
2. Hvernig bjargaðist stúlkan undan skriðunni?
3. Lýstu eins nákvæmlega og þú getur umhverfi sögunnar.
4. Endursegðu í stuttu máli meginefni sögunnar.
5. Hver telur þú að sé boðskapur þessarar sögu?

Svör

2. Þegar stúlkan kom út með skófirnar í ausunni lét krummi hana fylgja sér lengra og lengra frá bænum þangað til hún var úr allri hættu. Þá ætlaði hún að snúa við en heyrði drunurnar í skriðunni.
3. Skíðastaðir var fyrir sunnan Öxl, undir Vatnsdalsfjalli vestanverðu í Húnavatnssýslu. Þar bjó í fornöld flugríkur bóndi. Hann átti mikið engi og gott og lá það þar sem nú er Vatnsdalsflóð í útsuður frá bænum. Skriðan kom úr fjallinu yfir bæinn og komst enginn lífs af nema stúlkan.
4. Sagan fjallar um vinnukonu sem vann á bæ þar sem húsbændur voru harðir. Hún var góð við alla bæði dýr og menn. Þó að hart væri í ári tókst henni samt að gefa hröfnum einhverja bita yfir veturinn og hændist einn hrafninn að henni. Hrafninn bjargaði lífi hennar með því að lokka hana burtu frá bænum rétt í þann mund þegar skriða féll yfir bæinn þar sem allir létust.
5. Boðskapur: Það borgar sig að vera góður við menn og málleysingja.

38. Sagan af kerlingunni fjórdrepnu

Sögugluggi

Húsfreyja grunar tengdamóður sína um að baktala sig og leiðir hana í gildru. Til að breiða yfir verknaðinn gengur húsfreyja æði langt eins og lesa má um í sögunni. Leiðir svo eitt af öðru.

viðloða: sem dvelst e-s staðar að mestu

ófrægja: baktala

bera e-n ofurráða: taka ráðin af e-m

dylgjur: aðdróttanir, væningar, meinyrði, gefa e-ð illt í skyn

skautar henni: setur hana í skautbúning

tóbaksrutta: tóbaksvafningur

sledda: stór fiskaðgerðarhnífur

hreyfir upp á henni: lagar fót hennar, snyrtir hana

Að lestri loknum

1. Af hverju varð húsfreyja svo tortryggin út í tengdamóður sína?
2. Hvað gerði hún til að láta reyna á trúnað hennar?
3. Hvað finnst þér um það sem húsfreyjan gerði?
4. Lýstu aðgerðum húsfreyju með lík kerlingar.
5. Gerðu grein fyrir sögulokum.
6. Hvernig er trúverðugleika þessarar sögu háttað?
7. Hvernig endi hefðir þú kosið á þessa sögu.
8. Hvað kemur sama orðið oft fyrir í vísunni? Hvaða orðflokkur er það?

Svör

1. Hana grunaði að kerling væri að baktala sig við Loft son sinn. Heyrði hann líka raula fyrir munni sér: Ef sumir vissu um suma ...
2. Hún sagði tengdamóður sinni að maður væri kominn með flekk að selja og sagðist vita að hann vildi fá það fyrir fleskið sem hún mætti ekki veita honum þar sem hún væri gift kona. Tengdamóðirin sagði henni að hafa engar áhyggjur af því. Svo ætlaði hún að segja syni sínum frá um leið og hann kom heim.
4. Þegar kerlingin deyr, býr húsfreyjan fyrst um hana í rúminu og lætur líta út fyrir að hún sofi. Daginn eftir klæðir húsfreyjan líkið upp og kemur því fyrir í skemmum framman við geymslukistu og lætur líta út fyrir að sú gamla sé að stela tóbaki og brennivíni. Næsta dag þar á eftir klæðir hún líkið aftur upp og kemur látinni konunni fyrir í fiskihjalli og lætur hana vera á hnjúnum og halda utan um hákarlsbita líkt og hún sé að stela sér bita. Þriðja daginn fer húsfreyjan með lík tengdamóður sinnar til næsta bæjar, snyrtir hana svolítið til og býr svo um að það líti út fyrir að gamla konan sé búin að drepa uppáhalds hrút sýslumannsins sem var húsbóndi á þeim bæ og hún sé að gera að hrútnum. Sýslumaður heldur að þar sé þjófur á ferð og drepur kerlinguna í fjórða sinn. Sýslumaður biður tengdadótturina um að hún sé jarðsett með hraði svo ekki sé hægt að kenna honum um vígið. Tengdadóttirin fer þá með kerlingu aftur heim og hún er jarðsett að lokum.

5. Þegar sýslumaður hafði rekið kerlinguna í gegn með sverði sendi hann eftir tengdadótturinni því synir hennar voru á sjó, sagði henni upp alla söguna. Bað hann hana í öllum bænum að hafa einhver ráð að koma kerlingunni í jörðina svo að sér yrði ekki kennt um kvenvíg og bauð henni stórmikið fé til þess.
6. Sagan er ekki trúverðug. Þetta er ýkjusaga, lygasaga, skemmtisaga en í henni eru þessi frábæru vísuorð sem lýsa svo vel hvernig hægt er að fylla fólk ofsóknaræði (paranoju).
8. Ef sumir vissu um suma
það sem sumir gera við suma
þegar sumir eru frá,
þá væru ekki sumir við suma
eins og sumir eru við suma
þegar sumir eru hjá.
Orðið sumir kemur fyrir tíu sinnum. Það er óákveðið fornafn.



39. Ingibjörg í Kalmanstungu

Sögugluggi

Piltur nokkur fer með sjómönnum suður til sjós. Á leiðinni gista þeir á bæ þar sem býr falleg heimasæta. Sjómennirnir mana piltinn til að reyna að komast inn í svefnherbergi hennar að kvöldlagi. Fer svo að hann verður eftir á bænum og gerist smali hjá bónda.

mata: matur, vistir sem sjómaður hefur með sér í verið

gunningarfífl: sá sem lætur gabbast af öðrum

geymdi hennar: gætti hennar

skammbiti: stuttur biti í sperrukverk, op í kverkinni fyrir ofan hann

sýruker: stórt ílát undir mjólkursýru sem notuð er til drykkjar, blönduð vatni, kölluð mysa

uppburðargóður: ófeiminn, ber sig vel

láta hann eiga gott: gera vel við hann, gefa honum vel að borða

Að lestri loknum

1. Finndu Hjaltadal á landakorti og biskupssetrið Hóla. Lýstu staðháttum eins nákvæmlega og þú getur. Geturðu fundið Kalmanstungu?
2. Gerðu stutta grein fyrir framkomu Hólamanna við Sigurð og segðu skoðun þína á henni.
3. Af hverju lét Sigurður undan félögum sínum?
4. Gerðu grein fyrir því hvernig Ingibjörg brást við þegar Sigurður datt í sýrukerið?
5. Geturðu látið þér detta í hug a.m.k. tvær ástæður fyrir því af hverju Ingibjörg kom svo vel fram við Sigurð?
6. Má finna einhvern boðskap í þessari sögu og hver væri hann þá?
7. Lýstu félögum Sigurðar nákvæmlega.
8. Hver er aðalpersóna þessarar sögu og hver er hennar helsti styrkleiki?
9. Finndu að minnsta kosti eina aukapersónu í sögunni og lýstu henni og hlutverki hennar eins vel og þú getur.

Svör

1. Hjaltadalur er í Skagafirði en Kalmanstunga í Borgarfirði.
2. Þeir buðu honum hluta af sínu nesti en ætluðu fyrst og fremst að hafa hann með til að geta spilað með hann einhvern veginn.
3. Þeir buðu honum heilmikla peninga og mönuðu hann. Hann var fátækur og kannski nokkuð áhrifagjarn enda yngri en þeir.
4. Ingibjörg brást vel við, sagði föður sínum að kötturinn hefði fallið í keru. Virtist hafa áttað sig á því sem var að gerast, að Hólamenn væru að ginna strákinn og etja honum út í vitleysu. Hún tók hann undir sinn verndarvæng.
5. Ingibjörg hefur sjálfsagt vorkennt þessum unga pilti sem hinir höfðu að ginningarfífl. Svo hefur henni kannski litist nokkuð vel á hann líka.
6. Þeim getur hefnst sem fara illa með minni máttar.
7. Svikulir stríðnispúkar.
8. Sigurður er aðalpersónan. Hefur ýmis konar styrkleika. Er t.d. þolgóður, hugrakkur, fylginn sér, duglegur og trúfastur.
9. Ingibjörg er aukapersóna í sögunni. Hún er m.a. vönduð, heilsteypt, góðgjörn, réttisýn, umhyggjusöm.